



Rannsóknaráætlun

2020-2022

Áætlun um rannsóknir og gagnaöflun í ferðapjónustu

Júní 2020

Formáli

Ferðaþjónusta er ung atvinnugrein sem hefur verið í miklum vexti. Mikil þörf er fyrir viðtæka gagnaöflun og rannsóknir til að styðja við og efla greinina og leggja grundvöll að skynsamlegri stefnumörkun og ákvörðunartöku.

Í reglugerð nr. 20/2020 er Ferðamálastofu falið að meta þörf fyrir gagnaöflun, greiningar og rannsóknir og móta og láta framkvæma rannsóknáætlun til þriggja ára í senn. Rannsóknaráætlun sú sem hér fer á eftir er sú fyrsta í þessari röð rannsóknaráætlana. Að henni hefur unnið starfsfólk Ferðamálastofu undir leiðsögn dr. Gunnþóru Ólafsdóttur forstöðumanns rannsókn- og tölfræðisviðs og notið við þá vinnu ráðgjafar frá Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir. Kann ég þeim öllum bestu þakkir fyrir þetta mikilvæga starf.

Þessi fyrsta rannsóknaráætlun er nokkuð síðbúin. Stafar það annars vegar af því að ofangreind reglugerð sem þessi vinna hvílir á var ekki gefin út fyrr en í janúar á yfirstandandi ári og hins vegar því að svonefndur COVID faraldur hefur tafið vinnu við áætlunargerðina.

Í framtíðinni er gert ráð fyrir að rannsóknaráætlun til næstu þriggja ára og verði gerð árlega og hún birt á vefsíðu stofnunarinnar fyrir áramót hvert ár.

Reykjavík 18. júní 2020

Skarphéðinn Berg Steinarsson

Ferðamálastjóri

Efnisyfirlit

	Bls.
1. Inngangur	2
2. Rannsóknaráætlun: Nokkur megin sjónarmið	4
3. Verkefni 2020-2022	12
4. Framkvæmd verkefna	33
Tilvísanir	38
Viðaukar	40
1. Reglugerð um gangaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála nr. 20/2020	
2. Ráðgjöf um rannsóknarverkefni 2020-2022	
3. Fundargerðir ráðgefandi nefndar 2020	

1. INNGANGUR

Eitt af lögbundnum hlutverkum Ferðamálastofu er að fylgjast með og stuðla að þróun ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærrar grunnstoðar í íslensku samfélagi með því að vinna að samræmingu, greiningum og gagnaöflun ásamt miðlun og úrvinnslu upplýsinga á málefnasviði stofnunarinnar (Lög um Ferðamálastofu nr. 96/2018). Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglugerðar um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála nr. 20/2020 (sjá viðauka 1) skal stofnunin „meta þörf fyrir gagnaöflun, greiningar og rannsóknir og móta rannsóknaráætlun“ um fyrirhuguð verkefnið.

Rannsóknaráætlun er samkvæmt skilgreiningu 3. gr. reglugerðar nr. 20/2020 „áætlun til þriggja ára um þá gagnaöflun, greiningar og rannsóknir sem stjórnvöldum er nauðsynleg til að taka stefnumótandi ákvarðanir um uppbyggingu og þróun ferðaþjónustu með sjálfbærni að leiðarljósi“. Í 5.gr. reglugerðarinnar kemur fram að Ferðamálastofa skuli „móta og láta framkvæma rannsóknaráætlun á grunni Jafnvægisáss ferðamála og stefnumótunar stjórnvalda“. Verkefnum rannsóknaráætlunar Ferðamálastofu er því ætlað að styðja við þá mælikvarða sem felast í Jafnvægisáss ferðamála og stefnumótun stjórnvalda í ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir að verkefni áætlunarinnar styðji einnig við stefnumörkun og ákvarðanir fyrirtækja í ferðaþjónustu og bæti þannig rekstur í greininni. Við gerð rannsóknaráætlana skal Ferðamálastofa m.a. forgangsraða verkefnum með tilliti til þess fjármagns sem til ráðstöfunar er og gæta jafnvægis milli efnahagslegra, umhverfislegra og samfélagslegra þátta. Þá skal hún meta umfang verkefna, hagnýtt gildi þeirra og áætla kostnað. Hún skal jafnframt stuðla að samhæfingu, yfirsýn og virku samráði við hagsmunaaðila um gagnaöflun og rannsóknir í ferðaþjónustu.

Veigamikill þáttur í því að mæta ofangreindum sjónarmiðum við undirbúning og gerð rannsóknaráætlunarinnar er aðkoma svokallaðrar Ráðgefandi nefndar um gagnaöflun og rannsóknir, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 20/2020. Með samsetningu nefndarinnar er leitast við að draga að vísindalega þekkingu, kunnáttu og sérfræði hagsmunaaðila í greininni. Samkvæmt sama reglugerðarákvæði ber samstarfsnefnd háskólastigsins að tilnefna tvo sérfræðinga í nefndina sem sinna rannsóknum og kennslu á sviði ferðamálafræði, en Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök ferðaþjónustunnar, ráðherra sem fer með samgöngu- og sveitarstjórnarmál, ráðherra sem fer með ferðamál, og Ferðamálastofa tilnefna einn sérfræðing hvert. Tilnefndur sérfræðingur

Ferðamálastofu stýrir jafnframt starfi nefndarinnar. Fyrir tímabilið 2020-2022 eru skipuð í nefndina:

Dr. Ragnar Árnason, prófessor emeritus við Háskóla Íslands – tilnefndur af Ferðamálastofu, formaður.

Ingibjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri og lektor við Háskólann á Hólum – tilnefnd af samstarfsnefnd háskólastigsins.

Dr. Gunnar Þór Jóhannesson, prófessor við Háskóla Íslands – tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins.

Unnur Valborg Hilmarisdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á norðurlandi vestra – tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Vilborg Helga Júlíusdóttir, hagfræðingur SAF – tilnefnd af Samtökum ferðaþjónustunnar.

Hildur Kristjánsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu ferðamála og nýsköpunar – tilnefnd af ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Gunnar Geir Gunnarsson, deildarstjóri öryggis- og fræðsludeildar Samgöngustofu – tilnefndur af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Nefndin fundaði fjórum sinnum á tímabilinu apríl-maí 2020 og skilaði Ferðamálastofu niðurstöðum sínum ásamt fundargerðum í lok maí (sjá viðauka 2). Rannsóknaráætlunin sem hér er kynnt byggir m.a. á ráðgjöf nefndarinnar.

2. Rannsóknaráætlun: Nokkur meginþingarmið

Gagnaöflun og rannsóknur á vegum Ferðamálastofu er ætlað "styðja við ákvörðunartöku og markmiðasetningu í greininni samkvæmt stefnu stjórnvalda" sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 20/2020. Í samræmi við þetta miðast þessi rannsóknaráætlun við að rannsóknir samkvæmt henni séu fræðilega vandaðar en jafnframt **hagnýtar** í þeim skilningi að þær auðveldi stjórnvöldum og aðilum í greininni að taka upplýstar ákvarðanir og stuðli þannig að því að ferðaþjónustan nái samfélagslegum markmiðum sínum.

Þessi rannsóknaráætlun byggir á fyrri úttektum og rannsóknum í ferðamálum sem fóru fram á vegum Stjórnstöðvar ferðamála á árunum 2015-2018 og tóku mið af stefnu, markmiðum og mælikvörðum sem fram komu í *Vegvísi í Ferðaþjónustu* (Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, 2015) í tengslum við málaflokkinn „áreiðanleg gögn í ferðaþjónustu“. Þá fóru af stað ýmis umbótaverkefni sem gengu út á að samhæfa stýringu ferðamála, ýta undir jákvæða upplifun ferðamanna, stuðla að náttúruvernd, auka hæfni og gæði í ferðaþjónustu, auka arðsemi, betri dreifingu ferðamanna í tíma og rúmi og safna áreiðanlegum og samanburðarhæfum gögnum til grundvallar ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni. Rannsóknaráætlun sem hér er kynnt byggir á ofangreindri vinnu en uppfyllir jafnframt ákvæði reglugerðar um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála með því að leitast einnig við að uppfylla þá stefnu og framtíðarsýn sem stjórnvöld hafa sett fram fyrir ferðaþjónustu m.a. á grundvelli þeirra rannsókna og fram kemur m.a. í gildandi Ferðamálaáætlun 2011-2020 (Þingskjal 758, 2011), Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030 (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2019a; Þórdís Kolbrún Reykafjörð Gylfadóttir, 2019) og svokölluðum Jafnvægisás ferðamála (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2019b; Jónas Hlynur Hallgrímsson o.fl., 2019).

Jafnvægisás ferðamála er umfangsmikið þróunarverkefni í umsjón Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Verkefnið var unnið á árunum 2017-2019 og byggir á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og hugtakinu *þolmörk ferðamennsku*. Tilgangur verkefnisins var tvíþættur: (1) að skapa stjórnþæki þar sem lagt er reglulegt mat á álag sem umferð ferðamanna skapar á íslenskt samfélag, efnahag, innviði og umhverfi, og (2) að meta hvort grípa þurfi til einhverra aðgerða í ljósi stöðunnar (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2019b; Jónas Hlynur Hallgrímsson o.fl.,

2019). Fyrri áfangi verkefnisins fólst í að skilgreina mælikvarða (álagsvísa) fyrir álagsmatið (sjá Efla verkfræðistofa, 2018). Í þeirri vinnu var litið á Ísland sem eitt heildstætt ferðamannasvæði. Alls voru 57 mælikvarðar skilgreindir til að meta álag ferðamennsku á Íslandi. Þessir mælikvarðar voru flokkaðir í þjóðhagslegar stærðir (7 mælikvarðar), innviði (28 mælikvarðar), stoðþjónustu (7 mælikvarðar) og samfélagslega þætti (15 mælikvarðar). Ferðamálastofa aflar gagna fyrir alls 15 mælikvarða. Vert er að taka fram að ekki var gert ráð fyrir nýsköpun þekkingar í þessum grunnþætti verkefnisins, heldur voru mælikvarðar skilgreindir í takt við fyrirliggjandi gögn. Í staðinn var hvatt til endurskoðunar og nánari útfærslu mælikvarða á síðari stigum.

Í öðrum áfanga verksins voru mælikvarðarnir yfirfarnir og gildisettir til að meta hvort þolmörkum hefði verið náð eða þeim líklega náð í framtíðinni. Niðurstöður fyrsta álagsmatsins tilheyrðu árinu 2018 og voru birtar í júní 2019. Helstu niðurstöður m.t.t. innviða og umhverfigæða voru að þolmörkum hefði ýmist verið náð eða stutt sé í að svo verði. Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu voru einnig talin farin að nálgast þolmörk, sér í lagi þegar litið er til hlutdeildar í útflutningstekjum þar sem greinin sýnir skýr merki um að vera orðin of stór (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2019b; Jónas Hlynur Hallgrímsson o.fl., 2019). Framleiðnimælikvarðar vógu þungt í því mati sem og stöðugleiki útflutningstekna. Ætlað er að atvinnugreinin nái fram aukinni stærðarhagkvæmni á næstu árum óháð vexti og að það muni leiða til hækkunar á framleiðnimælikvörðum. Þó skal tekið fram að gögnin sem undirbyggja matið þóttu ófullnægjandi og því ríkir nokkur óvissa um niðurstöður. T.d má nefna að mælikvarðar sem byggja á ferðaþjónustureikningum Hagstofu Íslands miðuðu við gögn frá árinu 2017. Í álagsmati fyrir árið 2018 voru nauðsynlegar endurbætur á mælikvörðum einnig tilgreindar. Álagsmat fyrir árið 2019 liggur ekki fyrir.

Jafnvægisás ferðamála getur orðið mikilvæg grunnstoð fyrir frekari þróun, rannsóknir og stefnumótun í ferðaþjónustu. Framþróun, viðhald og mat Jafnvægisássins á áhrifum ferðaþjónustu á umhverfi, innviði, samfélag og efnahag íslensks samfélags byggjast á því að haldið sé áfram að safna viðeigandi gögnum og framkvæma kannanir þannig að samfelldri tímalínu sé viðhaldið. Einnig þarf að styðja álagsmatið með verkefnum sem varpa enn skýrara ljósi á stöðuna. Þær hugmyndir að rannsóknarverkefnum sem settar eru fram í þessari áætlun taka m.a. mið af þessu.

2.1 Hlutverk ferðaþjónustu

Ferðaþjónusta er atvinnuvegur sem tekur til allra fyrirtækja, stofnana og einstaklinga sem vinna á sviði ferðamála. Samfélagslegt hlutverk atvinnuvega er að leggja sem mest af mörkum til hagsældar þeirra sem í landinu búa. Hvað ferðaþjónustu snertir má ætla að í þeirri hagsæld felist einkum:

1. Efnahagslegur ábati þjóðarinnar.
2. Verndun og sjálfbær nýting þeirra náttúrugæða sem ferðamennska notar.
3. Sem minnst neikvæð áhrif ferðamennsku á aðra atvinnuvegi og lífsgæði landsmanna.

Séu þessi atriði til staðar stuðlar það að því að fólkið í landinu sé sátt við ferðaþjónustu sem atvinnuveg. Þetta á enn frekar við ef ábatinn af ferðamennsku dreifist víða um landið og meðal þjóðarinnar og hugsanleg neikvæð áhrif ferðaþjónustu einskorðast ekki við einstaka landshluta og félagshópa. Jafnframt ber að hafa hugfast að til þess að ferðamennska geti til frambúðar stuðlað að efnahaglegum ábata þjóðarinnar er nauðsynlegt að ferðamenn séu ánægðir með reynslu sína. Sé ekki svo, mun fljótlega draga úr eftirspurn eftir ferðaþjónustu og ávinningurinn af henni minnka.

Ofangreind sjónarmið eru í samræmi við fyrirliggjandi drög að opinberri stefnu í ferðaþjónustu. Í Vegvísi að ferðaþjónustu (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015) eru eftirfarandi markmið sett fram:

- Jákvæð upplifun ferðamanna
- Aukin arðsemi
- Jafnari dreifing ferðamanna (yfir landshluta og tíma)
- Jákvætt viðhorf til greinarinnar (landsmenn og starfsfólk)

Í framtíðarsýn og leiðarljósi íslenskar ferðaþjónustu til 2030 (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2019a; Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, 2019) eru svipuð markmið sett í öndvegi:

- Arðsemi
- Ávinningur (heimamanna)
- Einstök upplifun (ferðamanna)
- Umhverfisvernd

Ennfremur er þess að geta að í ofangreindum Jafnvægisási ferðamála (sjá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, 2019b; Jónas Hallgrímsson o.fl., 2020) eru sjónarmið sjálfbærni og þolmarka ferðamennsku lögð til grundvallar álagsmati. Þolmörk ferðamennsku hafa verið skilgreind sem: „sá hámarksfjöldi gesta sem áfangastaður ferðamanna getur tekið á móti samtímis án þess að náttúrulegt, hagrænt eða félags- og menningarlegt umhverfi verði fyrir skaða eða að óásættanleg skerðing verði á kjöraðstæðum og upplifun ferðamanna“. (Coccossis, Mexa, & Collovini, 2002).

Algengt er að skipta hugtakinu þolmörk ferðamennsku í fjóra flokka sem tengjast innbyrðis (sjá Þingskjal 717, 2018, bls. 45-49):

- Þolmörk náttúru: varða lífræna og ólífræna náttúru og vistkerfi sem verður fyrir áhrifum af tiltekinni ferðamennsku, svo sem dýralíf, gróður, haf og vötn, grunnvatn, jarðmyndanir, jarðveg, jökla, eldfjöll og önnur jarðfræðifyrirbrigði, landslag, loftslag og (ó)lífræna ferla sem og breytingar á ásýnd lands.
- Þolmörk innviða / manngerðs umhverfis: varða ápreifanlega og óápreifanlega grunngerð, svo sem flugvelli, skól- og vatnsleiðslur, rafmagn, vegakerfi, bílastæði, stíga, merkingar, salernisaðstöðu, gildandi stefnumörkun, skipulagsáætlanir, lög, stjórnun og starfsemi svæða og reglur, upplýsingaveitur sem nýtast ferðamennsku og verður fyrir álagi vegna hennar o.fl.
- Efnahagsleg þolmörk: varða hagkerfið og hversu mikið það er og getur verið háð tiltekinni ferðamennsku.
- Félagsleg þolmörk: varða upplifun og líðan ferðamanna og heimamanna sem verða fyrir áhrifum af tiltekinni ferðamennsku.

2.2 Meginsvið rannsókna

Ofangreind markmið fyrir ferðaþjónustu skýrgreina í stórum dráttum þrjú helstu efnissvið sem rannsóknir á vegum Ferðamálastofu munu beinast að:

- I. Efnahagslegur ávinningur af ferðaþjónustu
- II. Áhrif ferðaþjónustu á umhverfisgæði
- III. Áhrif ferðaþjónustu á samfélagið

Ekki síður þýðingarmikið að draga saman gagnlegar upplýsingar um ferðþjónustu (bæði meginlegar og eigindlegar), halda þeim til haga og gera þær aðgengilegar til frekari greininga og annarra nota m.a. við stefnumörkun. Þetta skýrgreininir fjórða meginsvið þessarar rannsóknaráætlunar:

IV. Gerð og þróun öflugs gagnagrunns fyrir ferðþjónustuna

Á hverju þessara fjögurra sviða geta viðfangsefni verkefna m.a. verið:

- (i) Mælingar (á þýðingarmiklum þáttum)
- (ii) Greiningu (á orsaka-afleiðingasamhengi, tækifærum og ógnum).
- (iii) Leiðir til endurbóta.
- (iv) Miðlun upplýsinga.

Ofangreind fjögur meginsvið og viðfangsefni skýrgreina 16 mismunandi flokka rannsóknarverkefna. Hjálplegt getur verið að lýsa þessari flokkun með töflu.

	Viðfangsefni verkefna			
Rannsóknarsvið	(i) Mælingar	(ii) Greining	(iii) Endurbætur	(iv) Miðlun
I. Efnahagslegur ávinningur				
II. Áhrif á umhverfisgæði				
III. Áhrif á samfélagið				
IV. Gagnagrunnur				

Rétt er að taka það skýrt fram að einstök rannsóknarverkefni geta náð yfir tvö eða fleiri hól í töflunni. Þá er einnig rétt að fram komi að þessari flokkun er fremur ætlað að veita skýrt, kerfisbundið yfirlit fremur en vera tæmandi. Því kunna að vera til gagnleg verkefni sem ekki falla auðveldlega að þeirri flokkun sem í töflunni er lýst.

2.3 Rannsóknir fyrir hverja

Hagnýtar rannsóknir í ferðþjónustu hljóta einnig að miðast við byggingu (e. structure)

atvinnuvegarins, ekki síst helstu ákvörðunartaka eða gerendur í greininni. Helstu gerendur í greininni eru annars vegar fyrirtæki í ferðaþjónustu sem leitast við að selja þjónustu sína og hins vegar hið opinbera sem setur þessum fyrirtækjum rekstrarumgjörð og skapar þeim starfsskilyrði.

1. Fyrirtæki:

Í greininni er mikill fjöldi stórra og smárra fyrirtækja. Þau starfa á ýmsum sviðum. Þeirra á meðal má nefna: (i) samgöngur (milli landa og innanlands), (ii) gistingu og uppihald, (iii) rekstur og umsjón ferðamanna, (iv) sértæka ferðaþjónustu og skipulagðar ferðir.

2. Hið opinbera:

Hið opinbera, ríki og sveitarfélög, setja fyrirtækjum í ferðaþjónustu rekstrarumgjörð. Þessi opinbera rekstrarumgjörð er margþætt. Hluti af henni eru lög, reglur, leyfi, takmarkanir, staðlar (þ.á.m. gæðastaðlar), eftirlit og viðurlög, skattar og gjöld. Annar hluti er það sem nefna má opinbera innviði eins og (i) vegi, brýr, flugvelli, flugstöðvar og hafnir; (ii) löggæslu, upplýsinga- og öryggisþjónustu og (iii) heilbrigðisþjónustu við ferðamenn. Aðrir hlutar hinnar opinberu rekstrarumgjörðar ferðaþjónustunnar eru m.a. fjárhagsleg fyrirgreiðsla, lán og lánskjör, styrkir, menntun og þjálfun starfsfólks og tæknileg og sérfræðileg aðstoð.

Hagnýt rannsóknaverkefni í ferðaþjónustu hljóta að taka mið af þessari byggingu atvinnuvegarins. Þau eiga því að beinast að því annars vegar að finna leiðir til að (i) bæta ákvörðunartöku og rekstur fyrirtækja í greininni m.a. hvað snertir fjárfestingar, áætlunargerð og markaðssetningu og hins vegar að (ii) stuðla að bættri ákvörðunartöku stjórnvalda um opinbera rekstrarumgjörð ferðaþjónustunnar í landinu.

2.4 Fjármögnun - forgangsröðun

Rannsóknarverkefni þau sem rakin eru í þessari rannsóknaráætlun eru hönnuð til að leggja fræðilegan og faglegan grunn að eflingu ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærrar grunnstoðar í íslensku atvinnulífi og styðja við stefnumótun og ákvörðunartöku stjórnvalda í ferðamálum. Rannsóknarverkefni þessi eru nokkuð viðamikil og að sama skapi kostnaðarsöm, enda af

fjölmörgum gagnlegum verkefnum að taka eins og við má búast af atvinnustarfsemi sem hefur margfaldast að umfangi undanfarinn áratug og tekið að öðru leyti verulegum stakkaskiptum.

Eins og nánar er rakið í kafla 3.3 í þessari skýrslu er áætlaður kostnaður við verkefnin í rannsóknaráætluninni um kr. 136 m. á árinu 2020 og kr. 154 m. hvort árið 2021 og 2022. Rétt er að taka það skýrt fram að hér er um áætlun að ræða og raunverulegur kostnaður við þessi verkefni mun ekki liggja fyrir fyrir en verkefnin hafa verið auglýst og tilboð í framkvæmd þeirra borist.

Að frátöldum stöðugildum við rannsóknir og þróun innan Ferðamálastofu sjálfrar var ráðstöfunarfé stofnunarinnar til rannsókna árið 2019 nálægt kr. 100 m. Þegar þessi rannsóknaráætlun er gerð liggja endanlegar fjárveitingar til rannsókna og gagnaöflunar á árinu 2020 ekki fyrir. Þótt vonir standi til þess að um aukningu þessara fjárveitinga miðað við fyrra ár verði að ræða er ekki víst að sú aukning dugi til að mæta fjárþörfinni. Það kann því að fara svo að ekki verði unnt að hefjast handa við öll verkefnin í rannsóknaráætluninni á yfirstandandi ári.

Í 5. gr. reglugerðar nr. 20/2020 kemur fram að verkefnum í rannsóknaráætlun skuli forgangsraða „með tilliti til þess fjármagns sem er til ráðstöfunar“. Þar sem endanlegar fjárveitingar til rannsókna liggja ekki fyrir og raunverulegur kostnaður við rannsóknarverkefnin kemur ekki í ljós fyrir en tilboð hafa borist er á þessu stigi ekki ástæða til að forgangsraða verkefnum. Kom hins vegar til þess að nauðsynlegt reynist að forgangsraða verður það gert með hliðsjón af væntanlegri gagnsemi verkefnanna. Þar kemur fyrst og fremst eftirfarandi til:

1. Hagnýtt gildi verkefnanna; þ.e. hvernig verkefni styðja annars vegar við þróun og eflingu ferðaþjónustunnar og hins vegar við stefnumótun og markmið stjórnvalda m.a. með tilliti til markmiða þeirra um sjálfbærni.
2. Tengsl verkefnanna við Jafnvægisás ferðamála, þ.e. með hvaða hætti verkefni styðji við hina ýmsu mælikvarða Jafnvægisássins.
3. Kostnaðar-ábatahlutfall verkefnanna; þ.e. mat á kostnaði verkefnanna miðað við væntanlegt hagnýtt gildi þeirra.

3. Verkefni 2020-2022

Kafli þessi skiptist í tvo hluta. Annars vegar er fjallað um verkefni sem þegar eru í vinnslu. Hins vegar er um að ræða verkefni sem æskilegt er að ráðist verði í á tímabilinu. Sum af þessum verkefnum eru varanleg í þeim skilningi að reiknað er með að þau haldi áfram og verði hluti af reglulegri starfsemi Ferðamálastofu. Þetta á ekki hvað síst við um öflun, varðveislu, greiningu og miðlun grundvallargagna. Önnur verkefni eru tímabundin og er ætlað að ljúka með tiltekinni afurð eða afurðum sem nýtast munu bæði í starfi Ferðamálastofu og til að ná samfélagslegum markmiðum ferðaþjónustunnar.

Í eftirfarandi lýsingum á verkefnum kemur fram mat á tímalengd verkefnanna og kostnaði. Rétt er að taka það skýrt fram, að hér er ekki um áætlun að ræða heldur aðeins gróft fyrsta mat, sett fram til að gefa hugmynd um þessar stærðir. Hverjar þær verða í reynd fer eftir nánari útfærslu verkefnanna ef og þegar í þau verður ráðist.

3.1 Verkefni í vinnslu

Níu viðamikil verkefni eru nú þegar í vinnslu og telur Ferðamálastofa rétt að þau haldi í megindráttum áfram á tímabilinu með þeim lagfæringum og endurbótum sem stofnunin telur viðeigandi.

Verkefni 1 Fjöldi ferðamanna

Til að fá fram fjölda ferðamanna til landsins fara fram viðamiklar talningar á brottförum frá flugvöllum. Jafnframt er fylgst með tölu farþega sem koma til landsins með skipum. Hér er um að ræða bæði innlenda og erlenda ferðamenn. Erlendum ferðamönnum er skipt eftir þjóðerni.

a) **Brottfarir frá Keflavíkurflugvelli**

Frá árinu 2002 hefur Ferðamálastofa safnað tölulegum upplýsingum um fjölda erlendra og innlendra brottfararfarþega á Keflavíkurflugvelli eftir þjóðerni og birt reglulega sem eina af lykildreytu í tölfræði atvinnugreinarinnar og hefur hún öðlast gildi sem slík. Fyrirkomulag þessara talninga breyttist í október 2019 með úrtaksaðferð í stað talningar á þýði. Tekið er 14-

16% úrtak af heildarfjölda en ISAVIA gefur upp heildarfjölda brottfararfarþega. Hins vegar er þörf á að greina betur hlutfall sjálfteygifarþega í þessu mengi.

b) **Brottfarir frá Reykjavíkflugvelli:**

Ferðamálastofa fær upplýsingar frá Air Iceland Connect.

c) **Brottfarir frá Akureyrarflugvelli:**

Ferðamálastofa fær gögn frá ISAVIA.

d) **Brottfarir frá Egilsstaðaflugvelli:**

Ferðamálastofa fær gögn frá ISAVIA.

e) **Fjöldi ferðamanna með Norrænu/Seyðisfirði:**

Ferðamálastofa fær gögn frá Smyril Line og úr eftirlitskerfi SafeSeaNet í umsjón Samsýn ehf.

f) **Fjöldi ferðamanna með skemmtiferðaskipum**

Ferðamálastofa fær gögn frá Cruise Iceland og úr eftirlitskerfi SafeSeaNet í umsjón Samsýn ehf.

Tímarammi: Varanlegt

Afurðir: Tölugögn um fjölda ferðamanna eftir helstu víddum (staður, þjóðerni o.s.frv.) til varðveislu í gagnagrunni Ferðamálastofu.

Hagnýtt gildi: Grunnögn til að meta umfang og eftirspurn eftir þjónustu við ferðamenn. Hagsmunaaðilar og stórnotendur hagtalna um ferðaðþjónustu telja brottfarir erlendra ferðamanna frá Keflavíkflugvelli vera einn áreiðanlegasta mælikvarðann sem völ er á um vöxt ferðaðþjónustunnar. Kostir mælikvarðans umfram aðra mælikvarða (t.d. gistinátta) er að niðurstöður eru birtar fljótt og hann hefur reynst nákvæmari en aðrir mælikvarðar. Af þeim sökum er hann t.d. notaður í skammtímaspálíkani Seðlabankans um þjónustuútlutning – og við gerð ársfjórðungslegrar þjóðhagsspá sem liggur til grundvallar vaxtaákvörðunar Peningastefnunefndar. Hjá Hagstofu Íslands eru brottfarartalningar grundvallarbreyta í greiningum sem skapa mynd af efnahagsstarfseminni í þjóðarbúskapnum. Á fyrirtækjasviði Hagstofu Íslands er fjöldi

brottfararfarþega nýttur sem grunnur fyrir mat á skilgreindum skammtímahagvísum fyrir atvinnugreinina. Tölurnar eru jafnframt notaðar við kennslu og rannsóknir í ferðamálafræði og öðrum greinum vísindasamfélagsins. Þær eru grundvallarbreyta í allri skoðun á þróun og greiningu á íslenskri ferðaþjónustu í íslensku og alþjóðlegu samhengi.

Tengsl við Jafnvægisás ferðamála: Óbein. Brottfarartalningar á Keflavíkurflugvelli eru notaðar við vigtun gagna sem safnast í ýmsum rannsóknum. Hér má nefna landamærakönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands sem aflar gagna fyrir sjö mælikvarða Jafnvægisáss ferðamála (sjá verkefni 2).

Miðlun: Tölur eru birtar hjá Ferðamálastofu í Mælaborði ferðaþjónustunnar og í mánaðarlegri og árlegri útgáfu um fjölda ferðamanna. Gögnin er unnt að afrita af Mælaborði ferðaþjónustunnar til frekari vinnslu og greiningar.

Kostnaður¹: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður kr. 9 m.

Viðbætur – ný undirverkefni:

1. Mat á fjölda sjálfstengifarþega á Keflavíkurflugvelli
2. Ríkislögreglustjóri aflar upplýsinga um ferðamenn vegna landamæraeftirlits. Kannaður verður möguleiki á að fá ópersónugreinanlegar upplýsingar um fjölda og þjóðerni ferðamanna þaðan í stað þess að kosta aðra gagnasöfnun.

Verkefni 2 Landamærakönnun: lýðfræði, ferðahegðun, upplifun og útgjöld ferðamanna

Ferðamálastofa hefur staðið fyrir könnun meðal erlendra ferðamanna frá því í júní árið 2017 í samstarfi við Hagstofu Íslands. Gögnum er safnað allt árið um kring og er markmiðið að afla tölfræðilegra upplýsinga til að gefa skýra mynd af lýðfræði, atferli, upplifun og viðhorfum ferðamanna. Verkefnið byggir á fyrri könnunum sem Ferðamálastofa hefur framkvæmt meðal erlendra ferðamanna.

¹ Kostnaður umfram vinnu Ferðamálastofu.

Könnunin er tvískipt. Annars vegar er um að ræða flugvallakönnun sem er framkvæmd á Keflavíkurflugvelli en þar er m.a. spurt um bakgrunn svarenda, tilgang ferðar, dvalarlengd í hverjum landshluta, gistimáta, útgjöld og ánægju með Íslandsferðina. Hins vegar er netkönnun sem nær til svarenda sem hafa gefið samþykki fyrir frekari þátttöku en þar er spurt nánar út í Íslandsferðina; aðdragandann að ferð, ferðahegðun og viðhorf til ýmissa þátta ferðapjónustunnar.

Tímarammi verkefnis: Varanlegt.

Afurðir: Gögn um atferli ferðamanna, upplifun, viðhorf og útgjöld þeirra til varðveislu í gagnagrunni Ferðamálastofu og birtingar í Mælaborði ferðapjónustunnar.

Hagnýtt gildi: Mikilvæg gögn til að átta sig á spurn eftir ferðapjónustu á Íslandi, væntingum til Íslands sem áfangastaðar, ánægju ferðamanna með upplifun sína og þar með eftirspurnarhorfum í framtíðinni og eyðslu þeirra hér á landi. Fyrirtækjasvið Hagstofu Íslands notar niðurstöður landamærakönnunar í útreikningum sínum á fjölda óskráðra gistinátta. Gögn úr landamærakönnun nýtast einnig Hagstofu Íslands við þjóðhagsreikningagerð. Upplýsingar um útgjöld ferðamanna tengjast gerð ferðapjónustureikninga (TSA) og greiningu á útflutningstekjum. Jafnframt munu gögnin undirbyggja greiningu Ferðamálastofu á stöðu íslenskrar ferðapjónustu í ljósi opinberra markmiða sem tengjast upplifun ferðamanna (sjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2019a) sem stofnunin hyggst vinna árlega.

Tengsl við Jafnvægisás ferðamála: Gagnaöflun fyrir vöktun á eftirfarandi mælikvörðum: Meðmælaskor (D.3.1); Líkur á endurkomu (D.3.2); Var ferðin peningana virði (D.3.3); Ánægja með fjölda annarra ferðamanna (D.3.4); Eru væntingar ferðamanna uppfylltar (D.3.5); Náttúruvernd; viðhorf erlendra ferðamanna gagnvart náttúruvernd á Íslandi (B.6.4); Upplifun á náttúru; viðhorf erlendra ferðamanna til gæðaupplifunar í náttúrutengdri afþreyingu (B.6.5).

Miðlun: Á vegum Ferðamálastofu eru helstu niðurstöður birtar og uppfærðar mánaðarlega í *Mælaborði ferðapjónustunnar*. Útgáfan *Ferðapjónusta í tölum* (ISSN 2672-6394) birtir einnig uppfærðar niðurstöður um tilgang Íslandsferðar og dvalarengd, meðmælaskor (e. Net Promoter Score), heimsótt landsvæði og upplifun erlendra ferðamanna. (2-3 bls. mánaðarleg (prentvæn) samantekt). Útgefin skýrsla með úrvinnslu og samantekt á upplifun og ferðahegðun erlendra ferðamanna fyrir árið 2018 (Oddný Þóra Ólafsdóttir, 2019) auk smærri samantekta um einstaka

markaði eru aðgengilegar á heimasíðu Ferðamálastofu en niðurstöður voru kynntar á opnum fyrirlestri (Ferðamálastofa, 2019). Þá er stefnt að greiningu og birtingu á útgjöldum ferðamanna ársfjórðungslega og að birta heildarniðurstöður úr þessari landamæraakönnun fyrir hvert almanaksár í apríl/maí árið eftir. Auk þessa er gert ráð fyrir árlegri útgáfu á sértækum samantektum úr þessum gagnagrunni bæði meginlægum og eigindlegum sbr. greiningu Ferðamálastofu haustið 2019: „Hvernig má bæta upplifun erlendra ferðamanna á Íslandi? Greining á niðurstöðum landamæraakönnunar“ (Margrét Wendt, 2019), þar sem niðurstöður voru túlkaðar á grunni markmiða stjórnvalda um að upplifun gesta sé betri eða í samræmi við væntingar; (2) að náttúra, menning og afþreying stuðli að einstakri upplifun gesta; og (3) að fagmennska, gæði og öryggi einkenni íslenska ferðaþjónustu.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður kr. 40 m.

Viðbætur – ný undirverkefni

1. Gæðamat á framkvæmd og áreiðanleika þessarar landamæraathugunar.
2. Árleg greining á stöðu íslenskrar ferðaþjónustu á grunni opinberrar stefnu og markmiða fyrir atvinnugreinina.
3. Verðmæti ferðamanna; hvaða/hvers konar ferðamenn skila mestum verðmætum, hvar og hverjum. Tengja niðurstöður við önnur fyrirliggjandi gögn.

Verkefni 3 Könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu

Meginmarkmið verkefnisins er að meta viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamanna bæði á landsvísu en einnig eftir einstökum landshlutum. Verkefnið var upphaflega unnið á vegum Ferðamálastofu 2014 og hefur verið þáttur í reglubundinni gagnasöfnun hins opinbera síðan 2017. Könnunin er liður í mótun tímalínu gagna um viðhorf landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu. Jafnframt tekur hún mið af þeim opinberu markmiðum að ferðaþjónusta hafi jákvæð áhrif á nærsamfélagið og auki lífsgæði. Verkefnið fór fram á landsvísu 2014, 2017 og 2019 og þess á milli á nokkrum þéttbýlisstöðum. Verkefnið safnar gögnum fyrir mælikvarða Jafnvægisáss ferðaþjónustunnar sem gerir ráð fyrir að verkefnið sé framkvæmt á landsvísu ár hvert.

Tímarammi verkefnis: Varanlegt. Framkvæmt á þriggja ára fresti. Til að viðhalda Jafnvægisási ferðamála er mælt með að verkefnið sé framkvæmt oftár.

Afurðir: Gögn um viðhorf heimanna til ferðafólks og ferðaþjónustu til varðveislu í gagnagrunni Ferðamálastofu. Samantektarskýrslur fyrir landið og fyrir hvern landshluta. Samanburður gerður á viðhorfum heimamanna milli ára og milli landshluta.

Hagnýtt gildi: Mikilvæg gögn til að greina samfélagsleg áhrif íslenskrar ferðaþjónustu. Jafnframt skal, samkvæmt *Vegvísi í ferðaþjónustu* (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015), mæla árlega hlutfall starfsmanna í ferðaþjónustu sem hefur „jákvæð viðhorf til atvinnugreinarinnar“ og birta niðurstöður í Mælaborði ferðaþjónustuna. Gögnin munu einnig nýtast við fyrirhugað stöðumat Ferðamálastofu á íslenskri ferðaþjónustu á grunni hinnar opinberu stefnu (sjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2019a).

Tengsl við Jafnvægisás ferðamála: Gögn fyrir vöktun á eftirfarandi mælikvörðum Jafnvægisáss ferðaþjónustunnar: Ánægja með fjölda ferðamanna (D.4.1); Ónæði af völdum ferðamanna í daglegu lífi (D.4.2); Hlutfall heimamanna sem forðast að heimsækja ákveðna fjölsóttá staði (D.4.2); Afstaða til efnahagslegs ávinnings samfélagsins af ferðaþjónustu (D.4.3); Afstaða til breytinga á íslensku samfélagi vegna ferðaþjónustunnar (D.4.4); Ástand gönguleiða; viðhorf Íslendinga til ástands gönguleiða í sinni heimabyggð (B.6.6.1); Neikvæð áhrif ferðamanna á náttúru; viðhorf Íslendinga til áhrifa ferðamanna á náttúru (B.6.6.2); Aukinn aðgangur að náttúru; viðhorf Íslendinga til aukins aðgengi að náttúru vegna áhrifa ferðamanna (B.6.6.3).

Miðlun: Helstu niðurstöður eru birtar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar* á vef Ferðamálastofu. Helstu niðurstöður kynntar af rannsóknaraðila í opinni kynningu sem streymt er beint á samfélagsmiðlum. Skýrslur eru kynntar og gerðar aðgengilegar á vef Ferðamálastofu.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður kr. 14 m.

Viðbætur – ný undirverkefni

1. Könnunin færð á rannsóknastig til að auka hagnýtt gildi verkefnisins. Verkefnið verður tengt við vísindalega umræðu og opinber markmið stjórnvalda þar sem metið verður hvort:
(1) ferðaþjónustan hafi jákvæð áhrif á nærsamfélag og auki lífsgæði heimamanna og (2)

allir landshlutar njóti ávinnings af ferðaþjónustu. Jafnframt verður viðhorf starfsmanna í ferðaþjónustu til atvinnugreinarinnar metið sérstaklega.

2. Gæðamat á framkvæmd og áreiðanleika verkefnisins. Athuga þörf fyrir endurbótum á úrtaki til að auka áreiðanleika.
3. Stöðumat: Niðurstöður úr verkefninu verða nýttar í árlegt heildarstöðumat á íslenskri ferðaþjónustu í ljósi opinberra markmiða fyrir atvinnugreinina til ársins 2030.

Verkefni 4 Könnun á ferðahegðun og útivist Íslendinga

Frá og með árinu 2010 hefur Ferðamálastofa látið framkvæma kannanir í upphafi hvers árs meðal Íslendinga um ferðahegðun þeirra innanlands og utan á nýliðnu ári. Spurt er t.d. um hvort og hvert er ferðast, hversu oft og í hvaða tilgangi. Frá 2018 hefur einnig verið spurt um útivist landsmanna, tegund og tíðni. Nýjasta viðbótin er söfnun upplýsinga um áætluð útgjöld í viðbótarkönnun sem framkvæmd var í apríl s.l. vegna COVID-19.

Tímarammi verkefnis: Varanlegt. Framkvæmt í fyrri hluta janúar ár hvert.

Afurðir: Gögn um ferðahegðun Íslendinga til varðveislu í gagnagrunni Ferðamálastofu. Niðurstöður hafa verið birtar á skýrsluformi, í talnasamantektum og á gagnvirkum vef-Tableau.

Hagnýtt gildi: Mikilvæg gögn til að átta sig á spurn heimamanna eftir ferðaþjónustu hérlendis og erlendis, landnotkun, viðhorfum heimamanna til landsins sem ferðamannalands og þar með eftirspurnarhorfum í framtíðinni og eyðslu þeirra hér á landi. Áætluð útgjöld, ef safnað áfram, gætu nýst við TSA reikningagerð Hagstofu Íslands á meðan Hagstofan sinnir ekki slíkri gagnasöfnun. Gögn nýtast einnig við greiningu á stöðu íslenskrar ferðaþjónustu í ljósi opinberra markmiða.

Tengsl við Jafnvægisás ferðamála: Voru ekki skilgreind við mótun hans, en þetta verkefni snertir álag á ferðamannastaði og nærsamfélög.

Miðlun: Niðurstöður hafa verið birtar á skýrsluformi, í talnasamantektum og á gagnvirkum vef-Tableau.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður kr. 3,5 m.

Viðbætur – ný undirverkefni

1. Gæðamat á framkvæmd og áreiðanleika verkefnisins. Meta þörf fyrir útgjaldaspurningar. Bæta gagnasöfnun og greiningu þannig að verkefnið gefi réttari og fyllri mynd og þjóni stöðumati Ferðamálastofu á markmiðum stjórnvalda fyrir atvinnugreinina sem tengjast dreifingu ferðamanna og upplifun þeirra.

Verkefni 5 Könnun á ferðahegðun erlendra gesta á völdum þéttbýlisstöðum

Meginmarkmið verkefnisins er söfnun gagna um ferðamennsku erlendra ferðamanna í völdum þjónustukjörnum. Spurt er m.a. um búsetuland, dvalarlengd, gistimáta, ferðafélaga og útgjöld pr. dag. Könnunin hefur verið framkvæmd á 14 stöðum og myndar tímalínu á tveimur stöðum (Húsavík og Mývatnssveit) þar sem hún hefur verið framkvæmd árlega frá 2013-2019. Á árinu 2019 var könnunin endurtekin á fjórum stöðum (Borgarnesi, Akureyri, Mývatnssveit og Höfn).

Tímarammi verkefnis: Varanlegt. Umræddir þéttbýlisstaðir eru hins vegar allmargir og ekki hefur verið skilgreint hvernig þeir skulu valdir eða hversu oft á að framkvæma könnunina á hverjum stað.

Afurðir: Yfirfarin gögn og tölulegar niðurstöður til vörslu og birtingar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar*. Stuttar samantektir (ekki hefðbundnar skýrslur) með niðurstöður könnunar á hverju svæði fyrir sig.

Hagnýtt gildi: Verkefnið tengist markmiðum stjórnvalda (2015-2020) um að safna tímalegum, áreiðanlegum og samanburðarhæfum gögnum til grundvallar ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni (sjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015). Niðurstöður nýtast fyrst og fremst viðkomandi bæjarfélögum.

Tengsl við Jafnvægisás ferðamála: Voru ekki skilgreind við mótun hans, en þetta verkefni felur í sér vísbendingar um álag á ferðamannastaði og nærsamfélög.

Miðlun: Yfirfarin gögn og tölulegar niðurstöður til vörslu og birtingar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar*. Niðurstöður kynntar opinberlega og samantektir gerðar aðgengilegar á vef Ferðamálastofu.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 18 m.

Viðbætur – ný undirverkefni

1. Verkefnið fært á rannsóknastig, gert ýtarlegra og markvissara og hagnýtt gildi þess aukið með tengingu við Jafnvægisáss ferðamála og stefnu stjórnvalda. Markmið verkefnisins verður að afla nauðsynlegra upplýsinga og greina hvað einkennir ferðamennsku íslenskra og erlendra ferðamanna (bakgrunnur, aðdráttarafl staðar, fjöldi, dreifing, ferðahegðun og upplifun ferðamanna) á ferðamannastöðum í þéttbýli, í dreifbýli eða í náttúru. Með þessum endurbótum verður einnig hægt að beina verkefninu á þá staði sem brýnast er að afla þekkingar á þessu sviði t.d. þeirra sem kalla á álagsmat vegna ágangs ferðamanna og þurfa á uppbyggingu og/eða álagsstýringu tafarlaust að halda. Stefnt er að því að framkvæma verkefnið á fjórum áfangastöðum á ári hverju. Verkefnið í þessari mynd hefur að markmiði að stuðla að verndun á (staðbundnu) aðdráttarafli og auðlind íslenskrar ferðaþjónustu og þjóna eftirfarandi markmiðum stjórnvalda: (1) að upplifun gesta sé betri eða í samræmi við væntingar; (2) að náttúra, menning og afþreying stuðli að einstakri upplifun gesta; (3) að fagmennska, gæði og öryggi einkenni íslenska ferðaþjónustu; (4) að jafnvægi sé á milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbygging innviða taki mið af því; og (5) að virðing sé borin fyrir þolmörkum og álagsstýring sé á áfangastöðum ferðamanna Jafnframt getur verkefnið uppfyllt yfirlýstar þarfir Jafnvægisáss ferðamála með söfnun marktækari gagna á náttúrustöðum fyrir mælikvarðana: Náttúruvernd (B.6.4) og Upplifun á náttúru (B.6.5). Auk þess mun verkefnið í þessari mynd geta nýst þvert á stofnanir ríkisins t.d. með því að afla upplýsinga sem getur stutt við álagsmat Umhverfisstofnunar á náttúruverndarstöðum sem eingöngu vaktar umhverfi, stjórnun og skipulag (sjá verkefni 12).

Verkefni 6 Dreifing ferðamanna – umferðartalningar

Verkefninu er ætlað að gefa áreiðanlega mynd af fjölda ferðamanna á völdum áfangastöðum á Íslandi. Í verkefninu eru notaðir bílateljara og þær talningar notaðar til að meta fjölda ferðamanna á viðkomandi talningasvæðum. Þáttur í verkefninu er að nýta niðurstöðurnar til að meta umferð og greina ferðamynstur ferðamanna um og í kringum valda ferðamannastaði.

Tímarammi verkefnis: Varanlegt.

Afurðir: Yfirfarin gögn og tölulegar niðurstöður til vörslu og birtingar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar*. Skýrsla þar sem niðurstöðum er gerð skil eftir landshlutum.

Hagnýtt gildi: Verkefnið nýtist fyrst og fremst við vöktun á umferð og álagi á viðkomandi talningastöðum (alls 34 staðir).

Tengsl við Jafnvægisás ferðamála: Voru ekki skilgreind við mótun hans, en snerta álagsmat á öllum víddum hans.

Miðlun: Yfirfarin hrágögn til varðveislu og frekari greiningar hjá Ferðamálastofu. Niðurstöður mats birtar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar*. Samantektarskýrsla kynnt opinberlega og gerð aðgengileg á vef Ferðamálastofu.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 7,5 m

Viðbætur – ný undirverkefni

1. Verkefnið verður endurbætt svo að það byggi á gögnum sem þegar er aflað hjá hinu opinbera og geti greint betur umferð í hverjum landshluta. Þekking á umferð og dreifingu ferðamanna um landið og í landshlutunum er nauðsynlegur þáttur í greiningu á stöðu flest allra markmiða stjórnvalda fyrir atvinnugreinina. Fyrirhugaðar endurbætur fela í sér gerð reiknilíkans sem getur metið umferð ferðamanna í hverjum landshluta fyrir sig og nýtir til þess öll tiltæk opinber gögn sem gefa vísbendingar um umferð ferðamanna í tíma og rúmi s.s. farþegatalningar (Ferðamálastofa), gistinætur (Hagstofa Íslands) og gögn um dvalarlengd og staðsetningu (sjá verkefni 2), talningar á vegum (Vegagerðin), talningar í þjóðgörðum og náttúruverndarstöðum (Umhverfisstofnun og Umhverfissráðuneytið). Jafnframt veður skoðað hvort hægt sé að nýta gögn frá símafélögum.

2. Verkefnið er í endurskoðun. Ferðamálastofa hefur í samvinnu við Umhverfisráðuneytið, Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarð, Stjórnstöð ferðamála og Vegagerðina skoðað þann möguleika að færa talningar á vegum sem liggja til áfangastaða ferðamanna til Vegagerðarinnar. Ferðamálastofa hyggst halda áfram með þá umræðu á yfirstandandi tímabili þar til niðurstaða fæst.
3. Á vegum Ferðamálastofu verða ferðamenn taldir og umferð um valda ferðamannastaði greind í tengslum við verkefni 5 (sjá ofar) þ.e.a.s. ef talningar fara ekki fram á vegum annarra stofnana ríkisins eða slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir.

Verkefni 7 Starfsánægja í ferðaþjónustu

Verkefnið hófst árið 2018 og hefur verið unnið í samvinnu við Vinnueftirlit ríkisins. Starfsánægja er mikið rannsakað fyrirbæri í sálfræði og byggir verkefnið á viðurkenndri aðferð innan þess fræðasviðs sem býður uppá greiningar á starfsánægju og hvað hefur áhrif á hana. Auk starfsánægju er greind ánægja starfsfólks með laun, möguleika á framvindu í starfi, fríðindi, vinnuumhverfið, samstarfsmenn, eðli starfs og samskipti á vinnustað. Auk þess eru líkandi þess að menn skipti um starfsvettvang könnuð.

Tímarammi verkefnis: 2015-2020.

Afurðir: Yfirfarin hrágögn til varðveislu og frekari greiningar hjá Ferðamálastofu. Helstu niðurstöður birtar í Mælaborði ferðaþjónustunnar. Tölfræðiskýrsla með hreinum niðurstöðum (lýsandi tölfræði; óútgefið) og útgefin samantektarskýrsla (unnin af Vinnueftirliti).

Hagnýtt gildi: Samkvæmt *Vegvísi í ferðaþjónustu* (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2015) er stefnt að því að mæla viðhorf starfsmanna í ferðaþjónustu árlega til að meta og undirbyggja áhersluþáttinn „jákvæð viðhorf til atvinnugreinarinnar“ og birta niðurstöður í Mælaborði ferðaþjónustunar. Talið er að hlutfall ánægðra starfsmanna í ferðaþjónustu geti gefið það til kynna. Þá segir í fjármálaáætlun 2019-2023 að hlutfall ánægðra starfsmanna í ferðaþjónustu geti gefið til kynna viðhorf samfélagsins til ferðaþjónustu sem lykilþáttar í íslensku atvinnulífi og hana skuli

mæla. Vinnueftirlitið hefur rannsóknaskyldur þegar kemur að vinnuumhverfi og aðbúnaði vinnandi fólks á Íslandi. Verkefnið þjónar ofangreindu.

Tengsl við Jafnvægisás ferðamála: Engin.

Miðlun: Helstu niðurstöður kynntar í opnum fyrirlestri og birtar (og uppfærðar ár hvert) í Mælaborði ferðaþjónustunnar. Útgefnað skýrslur eru aðgengilegar á heimasíðu Ferðamálastofu og hjá Vinnueftirliti ríkisins.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 4,5 m.

Viðbætur – ný undirverkefni

Verkefnið er í endurskoðun og verður ekki framkvæmt 2020. Tengja þarf verkefnið við gildandi stefnuramma stjórnvalda (sjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2019a) og vísindalega umræðu um rannsóknarefnið. Kannað verður hvernig jákvætt viðhorf starfsmanna til ferðaþjónustu/atvinnugreinar er rannsakað í vísindasamfélaginu og hvort raunhæft sé að meta viðhorf til atvinnugreinar með starfsánægju. Þar sem rannsóknarefnið skarast við rannsóknarefni „könnunar á viðhorfum Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu“ (sjá verkefni 3) verður kannað hvort hægt sé að nýta það verkefni til að vakta mælikvarðan með markvissari hætti.

Verkefni 8 Greining á rekstrarafkomu fyrirtækja í ferðaþjónustu

Fyrir ákvörðunartöku og stefnumörkun í ferðaþjónustu er afar þýðingarmikið að hafa haldgóðar og tímanlegar upplýsingar um afkomu í greininni. Annars vegar er um það að ræða að koma upp kerfi til að afla gagna um afkomuna.² Hins vegar þarf að vinna úr þeim gögnum og setja fram með skipulegum hætti. Þetta verkefni þarf að vinna í samvinnu við Hagstofuna sem hefur lengi framkvæmt svona mat fyrir aðra helstu atvinnuvegi þjóðarinnar (þ.á m. sjávarútveg og landbúnað).

² Í þessu sambandi má minna á tæmandi skrá um fyrirtæki í ferðaþjónustu (sjá verkefni 9 um gagnagrunn í ferðaþjónustu).

Frá og með árinu 2018 hefur Ferðamálastofa staðið fyrir árlegri greiningu á rekstri og efnahag íslenskrar ferðaþjónustu. Greiningarnar byggjast fyrst og fremst á birtum upplýsingum Hagstofu Íslands og ársreikningum fyrirtækja í ferðaþjónustu frá Creditinfo.

Tímarammi verkefnis: Varanlegt

Hagnýtt gildi: Varpar ljósi á stöðu atvinnuvegarins í heild og einstakra greina innan hans. Getur þjónað greiningum sem tengjast efnahagslegum markmiðum stjórnvalda fyrir atvinnugreinina s.s. hvað varðar aukna framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni um land allt.

Tengsl við Jafnvægisás ferðamála: Þetta verkefni varpar ljósi á efnahagslegar víddir Jafnvægisássins.

Miðlun: Helstu niðurstöður kynntar í opnum fyrirlestrum og samantektarskýrslur eru öllum aðgengilegar á heimasíðu Ferðamálastofu. Viðbótargreiningarnar voru birtar í apríl 2020.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður 12 m.

Viðbætur - ný undirverkefni:

Greiningar til að bregðast við áhrifum COVID-19 á íslenska ferðaþjónustu:³

1. Greining á rekstrar- og fjárhagsáhrifum COVID-19 heimsfaraldursins á fyrirtæki í ferðaþjónustu og aðgerðum stjórnvalda undir heitinu „Viðspyrna fyrir Ísland“. Greiningin var byggð á tveimur dæmum sem sett eru upp til að líkja sem best eftir rekstri og rekstraráskorunum ferðaþjónustufyrirtækja við þessar aðstæður. Hér var byggt á ársreikningum nokkurra fyrirtækja í ferðaþjónustu fyrir árið 2018, auk ýmissa opinberra gagna m.a. frá Seðlabanka Íslands um stöðu og skuldsetningu ferðaþjónustufyrirtækja. (Lokið)
2. Greining á fjárhagstölum ferðaþjónustufyrirtækja til að gera stjórnvöldum á Íslandi kleift að greina betur hvernig fjárhagsleg úrræði sem þegar hafa komið fram vegna COVID-19 heimsfaraldursins eru líkleg til að hafa nýst félögum í ferðaþjónustu á Íslandi. Niðurstöður eiga líka að geta aðstoðað við að greina hvernig möguleg ný úrræði nýtast einstaka greinum

³ Athuga samræmingu við nýtt verkerkefni nr. 13 sem fjallar um svipaða hluti.

og hve stórt hlutfall félaga ætti að geta nýtt úrræðin miðað við skilyrði sem sett eru fyrir nýtingu einstaka úrræða. (Lokið)

Verkefni 9 Gagnagrunnur ferðaþjónustunnar

Skynsamleg stefnumörkun í ferðaþjónustu hlýtur að byggjast á sem bestum gögnum um atvinnuvegin og tækifæri hans. Ferðamálastofa hefur lengi unnið að uppbyggingu og endurbótum á gagnagrunni fyrir ferðaþjónustu. Talsverðum hluta af vinnutíma starfsfólks á rannsókn- og tölfraeðisviði hefur verið varið í þetta verk. Árangurinn má m.a. sjá í *Vefsja* um landupplýsingar sem Ferðamálastofa hefur safnað um auðlindir íslenskrar ferðaþjónustu og á *Mælaborði ferðaþjónustunnar* og undirliggjandi gagnasafni. Rétt er að fram komi að hluti af þessu verkefni eru kaup á gagnagrunnum (AirDNA; Benchmarking Alliance; OTA insight og Creditinfo). Þróun, efling og viðhald þessa gagnagrunns er auðvitað frambúðarverkefni sem ætla má að verði reglulegur þáttur í starfsemi Ferðamálastofu.

Tímarammi verkefnis: Varanlegt

Hagnýtt gildi: Grunnöggn um ferðaþjónustu. Nauðsynleg fyrir skynsamlega stefnumörkun, áætlanagerð, vöruþróun og stýringu. Verkefnið tengist markmiðum stjórnvalda (2015-2020) um að safna tímalegum, áreiðanlegum og samanburðarhæfum gögnum til grundvallar ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni.

Tengsl við Jafnvægisás ferðamála: Óbein. Aflar frekari upplýsinga fyrir álagsmat.

Miðlun: Þessum gögnum verður komið fyrir í gagnagrunni Ferðamálastofu og eftir atvikum Mælaborði ferðaþjónustunnar

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður kr. 15,1 m. Þar af er kostnaður við kaup á afleiddum gögnum 4,1 m.

Viðbætur – ný undirverkefni

Á yfirstandandi rannsóknartímabili er fyrirhugað að leggja áherslu á eftirfarandi endurbætur:

(1) Fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Uppfæra skrá yfir öll fyrirtæki í ferðaþjónustu skipt eftir meginflokkum hennar, þ.e. (i) samgöngum, (ii) gistingu, (iii) veitingum, (iv) sértækum ferðum/afþreyingu og (v) ISAT flokkun.

(2) Uppfæra Vefsja Ferðamálastofu yfir ferðamannastaði á landi og smíða hugbúnað fyrir (1) landshlutaskiptingu; (2) verndaða náttúru- og menningartengda staði sem hafa aðráttarafl fyrir ferðamenn; og (3) miðlun staðfærðra tölfraediupplýsinga.

Á þessum grundvelli er síðan ætlunin að taka saman:

(3) Yfirlit um fjölda viðskiptamanna á fyrirtæki.

(4) Afkomu eftir fyrirtækjaflokkum.

(5) Yfirlit yfir stöðu umhverfisgæða á hverjum ferðamannastað.

(6) Yfirlit um tiltæka tölfraedi um ferðaþjónustu í hverjum landshluta.

3.2 Ný verkefni

Ferðaþjónusta er ung og í mörgu óþroskuð atvinnugrein á Íslandi. Því eru innan vébanda hennar fjölmörg ný rannsóknarverkefni sem eru til þess fallin að bæta ákvörðunartöku og efla greinina. Eftirfarandi fimm ný verkefni eru talin munu skila mestum ávinningi.

Verkefni 10 Þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustu: Tæki til högg- og aðgerðagreininga og hagspáa.

Gerð sæmilega ýtarlegra þjóðhagsreikninga fyrir ferðaþjónustuna, sem nú hillir undir, skapar forsendur fyrir því að þróa sértækt þjóðhagslíkan fyrir greinina. Ferðaþjónustan hefur hins vegar áhrif á efnahagslífið í heild (þ.e. þjóðhagsstærðir eins og VLF og atvinnustig) og aðrir hlutar efnahagslífsins (t.d. gengi og verðlag) hafa áhrif á framleiðslu í ferðaþjónustu. Með því að tengja hið sérstaka þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustuna við fyrirliggjandi þjóðhagslíkön (Seðlabankans/Hagstofunnar) er unnt að fá samkvæma (e. consistent) mynd af þessu samspili. Með slíkt heildstætt

líkan í höndunum er í fyrsta lagi unnt að rekja þjóðhagsleg áhrif breytinga í aðstæðum ferðaþjónustunnar (t.d. hoggja eins og COVID-19 eða brottfalls flugfélaga eða ávinnings eins og opunar stórra flugleiða) á efnahagslífið í heild. Í öðru lagi er unnt að rekja áhrif opinberra aðgerða (t.d. uppbyggingar innviða, nýrra gjalda, auglýsingaherferðar o.s.frv.) á ferðaþjónustu og efnahagslífið í heild. Í framhaldi af þessu er í þriðja lagi unnt að velja þær opinberu aðgerðir sem líklegast eru til að ná þeim markmiðum um ferðaþjónustu sem að er stefnt. Í fjórða lagi er með hjálp spáa um umsvif í ferðaþjónustu (fjölda ferðamanna o.s.frv.) skapaður grundvöllur til að spá fyrir um framlag ferðaþjónustunnar til efnahagslífsins og hagvaxtar í framtíðinni.

Þetta verkefni snýst um að þróa hagnýtt þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustuna sem nær ofangreindum markmiðum. Fyrsta þrepið er að gera þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustuna. Annað þrepið er að tengja það við fyrirbyggjandi þjóðhagslíkön með fræðilega samkvæmum (e. consistent) hætti. Þriðja þrepið er að staðfesta virkni og áreiðanleika þessa líkans. Fjórða þrepið er að fella þetta líkanakerfi inn í sæmilega þjálmt forrit til hagnýtra nota.

Hér er um nokkuð margþætt og viðamikil verkefni að ræða sem hefur verið í undirbúningi hjá Ferðamálastofu síðan í júní 2019. Starfsmenn Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands, Fjármálaráðuneyti, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Samtaka Ferðaþjónustunnar hafa komið að mótun þess. Til að koma því í framkvæmd þarf m. a. á sérfræði í þjóðhagsreikningum, hagamælingum og hagrænni líkanagerð að halda. Jafnframt krefst það áframhaldandi samvinnu við Hagstofuna (þjóðhagsreikningar fyrir ferðaþjónustu) og umsjónarmenn núverandi þjóðhagslíkana (Seðlabankann, Hagstofuna, Fjármálaráðuneytið).

Tímarammi verkefnis: 2020-2025.

Afurðir: (i) Fullbúið þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustu; (ii) Virk tenging þessa þjóðhagslíkans við þjóðhagslíkan fyrir hagkerfið í heild, (iii) Fullbúið forritakerfi sem leyfir greiningu á áhrifum breytinga í ferðaþjónustu á helstu þjóðhagsstærðir og öfugt. (iv) Ýtarlegar skýrslur um verkefnið og framgang þess.

Hagnýtt gildi: Líkan af þessu tagi nauðsynleg forenda skynsamlegrar stefnumörkunar í ferðaþjónustu. Miðað við hina miklu hlutdeild ferðaþjónustunnar í þjóðarþúskapnum skiptir örlítið betri eða verri stefnumörkun mjög háum fjárhæðum. Jafnframt er líkanið nauðsynleg forsenda fyrir ákvarðanatöku sem tengist arðsemismarkmiðum stjórnvalda (sjá áherslur til 2030).

Tengsl við Jafnvægisás ferðamála: Þetta verkefni tengist beint við þær víddir í Jafnvægisásnum sem lúta að efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu og mun auka greiningarhæfni á því sviði.

Miðlun: Árlegar skýrslur um framgang verkefnisins. Þjóðhagslíkan verður opinbert, kynnt á fundum og rætt á ráðstefnum. Einfaldar keyrslur líkans aðgengilegar á heimasíðu Ferðamálastofu.

Kostnaður: 10 m. kr. á ári fyrstu árin.

Verkefni 11 Spár um umsvif í ferðaþjónustu

Augljóslega er afar þýðingarmikið bæði fyrir fyrirtækin í greininni og hið opinbera að átta sig á horfum í umfangi ferðaþjónustunnar. Hvað þetta snertir er þörf á framreikningum og/eða spám til (i) skamms tíma (næstu mánaða og ársfjórðunga) og (ii) lengri tíma (ára). Í upphafi er gert ráð fyrir spám fyrir greinina í heild, t.d. fjölda erlendra ferðamanna til landsins, meðaldvalartíma og eyðslu. Á þessum grundvelli verður væntanlega í framtíðinni unnt að spá fyrir um umsvif eftir helstu undirgreinum ferðaþjónustunnar (samgöngur, gisting, veitingar, sértækar ferðir og ferðamannastaðir).

Verkefni þessu má í heild skipta í þrjá þætti: Fyrsti þáttur verkefnisins er að byggja upp spákerfi. Til þess þarf hagræna og tölfraðilega sérfræði. Sú vinna er sennilega nokkuð viðamikil. Hún felur í sér gagnaöflun, þróun og mat spálíkana og gerð spáreikningskerfis. Hér er um ákveðið tímabundið verkefni að ræða sem talið er að unnt sé að ljúka á tveimur árum, þ.e. fyrir árslok 2022. Það er þessi þáttur sem fyrst og fremst er um fjallað í þessari rannsóknaráætlun.

Annar þáttur verkefnisins að gera reglulegar spár á grundvelli spákerfisins og með vissu millibili uppfæra og endurbæta spákerfið. Þetta er varanlegt verkefni sem ekki er ólíklegt að unnt sé að vinna að talsverðu leyti af starfsfólki Ferðamálastofu. Þriðji þátturinn er að endurnýja hið tölfraðilega mat í ljósi nýrra gagna og aðstæðna og gera aðrar endurbætur á spákerfinu. Þetta þarf að gera reglulega t.d. á tveggja til þriggja ára fresti eða örar ef þörf reynist á. Þessi endurnýjun krefst svipaðrar sérfræði og fyrsti þátturinn en þarf að vinna í nánú samráði við Ferðamálastofu og aðra notendur spánna.

Tímarammi verkefnis: Þáttur (i) 2020-2022. Þættir (ii) og (iii) til frambúðar.

Hagnýtt gildi: Framreikningar eða spár af þessu tagi eru gagnleg tæki til að auðvelda fyrirtækjum og hinu opinbera stefnumörkun og áætlanagerð m.a. hvað snertir fjárfestingar.

Afurðir: Afurðir úr þætti 1 eru gerð spákerfis til bæði skamms (mánaðarlega) og langs tíma (árlega 1-5 ár) ásamt upphafsspám. Kerfi forrita til spágerðar. Skýrsla um spálíkön. Afurðir úr Þætti 2 spár.

Tengsl við Jafnvægisás ferðamála: Þetta verkefni hefur bein tengsl við þær víddir Jafnvægisássins sem lúta að efnahagslegum, umhverfislegum og samfélagslegum þáttum

Miðlun: Spá birtar á mælaborði ferðaþjónustunnar. Spálíkan og gögn gerð aðgengileg í gagnagrunnum Hagstofu og Ferðamálastofu og mælaborði ferðaþjónustunnar.

Kostnaður: Kostnaður við fyrsta áfanga heildstæðs spákerfis 10 m. kr. Árlegur kostnaður við spágerð og uppfærslur, er áætlaður 2 m. kr. Kostnaður við endurnýjun spálíkinga er áætlaður 3 m. kr. á tveggja til þriggja ára fresti.

Verkefni 12 Áhrif ferðaþjónustu á umhverfisgæði

Margir ferðamannastaðir eru náttúruperlur. Ágangur ferðamanna á þessa staði getur rýrt náttúrugæði þeirra. Sum af þessum gæðum eru illa eða ekki afturkræf. Af þessum sökum er afar mikilvægt að fylgjast með þróun þeirra. Til þess þarf vel skýrgreinda og samræmda mælikvarða yfir tíma. Hluti verkefnisins er að skýrgreina slíka mælikvarða sem tengjast samspili ferðamanna og náttúru. Annar er að beita þeim á tiltekna ferðamannastaði. Til að framkvæma þetta verkefni þarf sérþekkingu á eftirspurn ferðamanna eftir náttúrugæðum og sérþekkingu á stöðu og þolgæði náttúrugæða. Verkefnið gengur fyrst um sinn út á að (i) kanna hvort og hvernig Ferðamálastofa getur aðstoðað Umhverfisstofnun og Umhverfissráðuneytið við álagsmat og álagsstýringu á náttúruverndarsvæðum og í þjóðgörðum með gögnum og þekkingu sem verður til í einstökum verkefnum á vegum stofnunarinnar (sjá verkefni 3, 5 og 6) eða með öðrum upplýsingum sem hún hefur yfir að ráða; og (ii) gera úttekt á hvaða aðferðafræði er notuð í öðrum löndum við álagsstýringu ferðamannastaða með góðum árangri.

Tímarammi verkefnis: 2020-2023.

Afurðir: Samræmdir mælikvarðar á stöðu og þróun náttúrugæða á ferðamannastöðum þar sem einnig er tekið er tillit til væntinga og upplifunar ferðamanna. Mat á þessari stöðu og þróun á liðnum árum á tilteknu mengi ferðamannastaða. Ýtarleg skýrsla um verkefnið og niðurstöður þess.

Hagnýtt gildi: Ferðamennska á Íslandi snýst mikið um sérstæða náttúru og náttúruperlur. Þessar auðlindir geta rýrnað vegna ágangs. Því er afar mikilvægt að fylgjast með þróun þeirra yfir tíma m.a. til að grípa nægilega snemma í taumana. Verkefnið er jafnframt nauðsynlegur stuðningur við Jafnvægisás ferðamála þegar kemur að framkvæmdum á nauðsynlegum úrbótum.

Tengsl við Jafnvægisás ferðamála: Þetta verkefni felur í sér mælingar á umhverfisþáttum Jafnvægisássins.

Miðlun: Niðurstaða mats á stöðu og þróun tiltekinna ferðamannastaða birt á Mælaborði ferðaþjónustunnar og í Vefsíðu Ferðamálastofu (sjá verkefni 9). Grunn gögn gerð aðgengileg í gagnagrunnum Hagstofu og Ferðamálastofu og mælaborði ferðaþjónustunnar.

Kostnaður: Kostnaður við þróun matskerfisins 5 m. kr.

Viðbætur – ný undirverkefni:

- (i) Bæta við fleiri ferðamannastöðum
- (ii) Í framhaldi af því mat á afkastagetu ferðamannastaða og hagkvæmar aðgangstakmarkanir

Verkefni 13 Aðlögunarhæfni og „resilience“ (þrautseigja, seigla) í ferðaþjónustu – hvernig á að mæta áföllum? Hvernig unnt er að efla þrautseigju - bestu leiðir

Reynslan sýnir að ferðaþjónusta getur verið sveiflukenndur atvinnuvegur. Það er ekki aðeins að grunneftirspurnin geti verið breytileg heldur geta náttúruhamfarir eins og eldgos, innlend efnahagsskilyrði eins og gengi krónunnar, kjarasamningar og verkföll valdið verulegum sveiflum í afkomunni. Það er því rík ástæða til að hugleiða hvernig ferðaþjónustan getur mætt þessum breytileika og staðið erfið tímabil af sér.

Verkefnið snýst um að bera kennsl á helstu áhættuþættina, greina hvernig áhrif þeirra geta hríslast um ferðaþjónustuna og leggja mat á þær búsigfar sem orðið bæði til skamms og langs tíma. Skýrgreina síðan leiðir til að draga úr tjóninu og útfæra nánar þær leiðir sem hagkvæmastar virðast.

Þetta verkefni krefst skilnings á gerð ferðaþjónustunnar, eðli eftirspurnar eftir ferðaþjónustu, markaðslægum og efnahagslegum samhengjum, áhættu, hagkvæmum áhættuviðbrögðum og sveiflujöfnun. Það krefst því samþættingar sérfræði á nokkrum mismunandi sviðum.

Fyrsti áfanginn í þessu verkefni yrði rannsókn á áhrifum Covid-veirunnar á ferðaþjónustuna og viðbrögð hennar við henni. Þetta yrði væntanlega lærdómsrík "case"-stúdía sem rekti atburðarás þessa mikla áfalls og viðbragða við henni. Þessi rannsókn er m.a. líkleg til að varpa ljósi á aðlögunarhæfni og seiglu fyrirtækja í greininni, hvernig hliðstæð áföll í framtíðinni geta leikið hana og hvernig aðstoð til að ráða við áföllin getur haganlegast verið við komið.

Tímarammi verkefnis: 2020-2023.

Afurðir: Ýtarlegar skýrslur um hina ýmsu áfanga verkefnisins sem og verkefnið í heild og niðurstöður þess.

Hagnýtt gildi: Ferðaþjónusta eins og aðrir atvinnuvegir getur orðið fyrir áföllum af ýmsu tagi. Mikilvægt er að átta sig á mögulegu eðli og stærð svona áfalla og að finna leiðir og setja upp skipulag til að ferðaþjónustan sem atvinnuvegur geti sem hægst ráðið við svona áföll.

Tengsl við Jafnvægisás ferðamála: Jafnvægisásinn fjallar ekki beinlínis um ferðaþjónustu í heild og seiglu hennar. Áföll í ferðaþjónustu og viðbrögð hennar við þeim hafa hins vegar áhrif á flestar víddir jafnvægisássins.

Miðlun: Skýrsla gerð aðgengileg á heimasíðu og gagnagrunni Ferðamálastofu. Ráðstefna hagsmunaaðila um niðurstöður hennar.

Kostnaður: 10 m. kr.

3.3 Yfirlit

Eftirfarandi tafla veitir yfirsýn yfir ofangreind verkefni. Rétt er að ítreka það sem fram kom í upphafi þessa kafla að tímasetningar og kostnaður sem fram kom í töflunni ber að skoða sem vísbendingar en ekki áætlun. Gert er ráð fyrir að áður en ráðist verður í þessi verkefni verði ýtarlegar tíma- og kostnaðaráætlanir gerðar.

Rannsóknaráætlun 2020-2022					
Verkefni	Upphæðir m. kr.		Þættir sjálfbærni		
	Núverandi	Ný	Efnahagur	Umhverfi	Samfélag
<i>Fjöldi ferðamanna</i>	9		x	x	x
<i>Landamæraökönun</i>	40		x	x	x
<i>Viðhorf Íslendinga til ferðap.</i>	14			x	x
<i>Ferðahegðun Íslendinga</i>	3,5		x	x	x
<i>Ferðahegðun á áfangastöðum*</i>	18		x	x	x
<i>Dreifing ferðamanna um land*</i>	7,5		x	x	x
<i>Afkoma fyrirtækja</i>	12		x		
<i>Gagnagrunnur</i>	15,1		x	x	x
<i>Þjóðhagslíkan f. ferðap</i>		10	x		
<i>Spár um umsvif</i>		10	x	x	x
<i>Aðlögunarhæfni fyrirtækja</i>		10	x		x
<i>Áhrif á umhverfisgæði</i>		5		x	x
<i>Samtals</i>	119,1	35			

*Verkefni í endurskoðun

Rannsóknarsvið	Viðfangsefni verkefna			
	(i) Mælingar	(ii) Greining	(iii) Endurbætur	(iv) Miðlun
I. Efnahagslegur ávinningur	Verkefni 1,2,9,10,11	Verkefni 8, 10, 11, 12	Verkefni 4, 5, 6, 9	Verkefni 9
II. Áhrif á umhverfisgæði	Verkefni 1, 2, 3	Verkefni 6, 10, 12	Verkefni 4, 5, 6	Verkefni 9
III. Áhrif á samfélagið	Verkefni 1,2,3,4,5	Verkefni 5, 6, 10, 13	Verkefni 3, 4, 5, 6, 9	Verkefni 9

IV. Gagnagrunnur	Verkefni 1,2,3,4,5	Verkefni 9	Verkefni 9	Verkefni 9
Skýringar: Verkefnisnúmer í boxum. Yfirstandandi verkefni 1 -9, ný verkefni 10-13				

4. Framkvæmd verkefna og miðlun niðurstaðna

Eitt af hlutverkum Ferðamálastofu er að safna, greina og setja fram gögn til að styðja við skynsamlega ákvörðunartöku og markmiðasetningu í ferðapjónustu (sjá t.d. 2. gr. reglugerðar 20/2020). Rannsóknarverkefnum þeim sem rakin eru kafla 3 í þessari áætlun er ætlað að þjóna þessu hlutverki. Það að skýrgreina viðeigandi rannsóknarverkefni er þó einungis fyrsta skrefið. Verkefnunum þarf einnig að koma í framkvæmd og niðurstöðunum þarf að koma á framfæri.

Til þess að gagnaöflun og rannsóknir komi að sem mestum notum þarf þrennt að koma til:

1. Skynsamlegt val verkefna.
2. Góð framkvæmd verkefna.
3. Skilvirk miðlun niðurstaðna.

Fyrsta atriðið er hin eiginlega rannsóknaráætlun, sem lýst er í kafla 3 hér að framan. Þar er meginatriðið að finna og skýrgreina gagnlegustu rannsóknarverkefnin. Annað þrepið er framkvæmd verkefnanna, þ.e. rannsóknirnar sjálfar. Þar eru vísindaleg gæði í víðum skilningi⁴ auðvitað höfuðatriðið. Þriðja þrepið er skilmerkileg miðlun niðurstaðanna bæði til þeirra sem geta nýtt þær nú þegar til ákvarðanatöku og stefnumörkunar og til rannsakenda sem síðar koma til að forðast tvíverknað og stuðla að því að sjóður þekkingar fari vaxandi. Þessi þrjú atriði eru hlekkir í sömu keðju. Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn. Rannsóknir koma ekki að tilætluðum notum nema þær séu vel framkvæmdar og niðurstöðunum komið skilmerkilega á framfæri.

Ferðamálastofa, sem falið er að láta framkvæma rannsóknaráætlunina (rglg 20/2020, 5. gr.), vinnur nú að því að móta verklag um framkvæmd rannsóknarverkefna og miðlun niðurstaðna. Við frágang þessarar fyrstu rannsóknaráætlunar er þessu verki ekki lokið. Það sem hér fer á eftir er því ekki endanlegt en ætlað að veita hugmynd um hvernig þetta verklag er líklegt til að verða.

4.1 Framkvæmd verkefna

Sú framkvæmd rannsóknarverkefna sem snýr að Ferðamálastofu er nokkuð margþætt. Hún tekur m.a. til:

⁴ Á meðal þessara gæða eru áreiðanleiki, nýnæmi, gegnsæi og endurtakanleiki.

- (i) Lýsingar á verkefnum; þ.m.t. kröfulýsingar, framvindulýsingar og miðlunarlýsingar.
- (ii) Leitar að hæfum rannsóknaraðilum.
- (iii) Vals á rannsóknaraðilum.
- (iv) Gerðar samninga við rannsóknaraðila.
- (v) Umsjónar með framvindu rannsóknarverkefna.
- (vi) Gæðamats á verkefnum og afurðum þeirra.
- (vii) Fjárhagslegs uppgjörs og endurskoðunar á reikningum.

Þessi verkþættir geta verið talsvert viðamiklir. Mikilvægt er hins vegar að sníða stakk eftir vexti og gæta þess að þessi framkvæmdakostnaður sé ekki úr hófi miðað við stærð og umfang verkefna. Þá er ekki síður mikilvægt að framkvæmdaferlið í heild sinni sé gagnsætt, ekki síst hvað snertir val á rannsóknaraðilum og mat á gæðum rannsókna.

(i) Lýsing verkefna

Afar mikilvægt er að skýrgreina verkefni vel. Í því felst að tiltaka þarf markmið þeirra með skýrum hætti og afurðir þeirra eins nákvæmlega og unnt er. Þá þarf tímarammi verkefnis að vera skýr sem og áfangar í átt að verkefnislokum. Ennfremur þarf að tilgreina kostnað og tengja greiðslur við það að ná verkefnisáföngum. Síðast en ekki síst þarf að verkefnið að fela í sér verkþátt sem lýtur að því að stjórnvöld ferðamála og ferðþjónustan geti nýtt sér afurðir verkefnisins eins og til er ætlast.

Þessi atriði eru dregin saman í verkefnislýsingu. Verkefnalýsing byggir auðvitað á lýsingu viðkomandi verkefnis í rannsóknaráætlun. Hún þarf hins vegar yfirleitt að vera talsvert ýtarlegri og nákvæmari. Einkum og sér í lagi þarf hún að fela í sér ýtarlega kröfulýsingu, þ.e. lýsingu á afurðum (gögnum, kerfum, líkönum, svörum við spurningum o.s.frv.) sem verkefnið þarf að skapa. Hún þarf einnig að fela í sér framvindulýsingu, þ.e. skýrgreinda áfanga, tímasetningar og verklok. Þá þarf verkefnislýsing einnig að fela í sér lýsingu á formi afurða þar með talið miðlun niðurstaðna.

(ii) Leit að hæfum rannsóknaraðilum

Fullbúin verkefnislýsing skapar forsendur fyrir leit að vænlegum rannsóknaraðilum. Mikilvægt er að finna hæfustu aðilana til að vinna hvert verkefni. Margar leiðir og misdýrar eru til í þessu skyni. Þeirra á meðal er að auglýsa eftir framkvæmdaaðilum, formleg útboð rannsóknarverkefna eða leita

beint til aðila sem góð reynsla er af. Fyrirfram er ekki unnt að útiloka neina af þessum leiðum. Að öðru jöfnu er gert ráð fyrir að verkefni verði auglýst og óskað eftir tilboðum í þau. Tilboðin þurfa að fela bæði í sér tæknilega og fjárhagslega útfærslu. Nauðsynlegt er að Ferðamálastofa áskilji sér rétt til að hafna öllum tilboðum.

(iii) Val rannsóknaraðila

Mikilvægt er að vanda til vals á aðilum til að vinna verkefni. Þar skipta meginmáli vísindaleg hæfni þeirra og væntanleg verk-gæði. Verkgæði felast annars vegar í vísindalegum gæðum afurðar og hins vegar í tímalegum skilum verkþátta. Þau tilboð sem berast þarf að meta með tilliti til þessara atriða sem og kostnaðar. Að öðru jöfnu koma þau tilboð ein til álita sem mæta vísindalegum/tæknilegum kröfum. Að því tilskyldu skiptir tilboðsupphæð einnig máli. Kemur þá til greina að ákveða fyrirfram hlutfallslegt vægi vísindalegs gildis og tilboðsverðs. Séu verkefni umfangsmikil kann að vera rétt að Ferðamálastofa setji upp sérfræðingahóp til að meta tilboð og raða þeim í gæðaröð.

(iv) Gerð samninga

Verksamningur skýrgreindir þær rannsóknarafurðir sem framleiða á og hvenær þær eiga að verða til. Því er mikilvægt að þessi samningur sé hæfilega ytarlegur og lögfræðilega traustur. Hann þarf m.a. að fela í sér ákvæði um verkframvindu og eftirlit, greiðslur í samræmi við framvindu og mat á gæðum verksins þá er lokið er.

(v) Umsjón með framvindu

Reynslan sýnir að þótt samningur hafi verið gerður við rannsóknaraðila er ekki víst að hann verði uppfylltur. Því er nauðsynlegt að fylgjast vel með framvindu verkefnisins og grípa í taumana ef það virðist vera að fara afvega. Slík umsjón og réttur til afskipta hlýtur eðli málsins samkvæmt að byggjast á ákvæðum í verksamningi og væntanlega tengdur skýrgreindum áföngum verksins.

(vi) Gæðamat

Nauðsynlegt er að hafa öflugt gæðaeftirlit með verkefnum. Mikilvægast í því efni er að afurðir verkefnisins séu af fullnægjandi gæðum. Lítið gagn og jafnvel skaði er af verkefnum sem skila lélegum eða jafnvel rangvísandi niðurstöðum. Því er við verkskil nauðsynlegt að fara vandlega yfir

afurðir verksins og hvort þau uppfylli skilyrði verksamnings með tilliti til vísindalegra gæða. Slíkt mat krefst sérfræði á viðkomandi sviðum og yrði best falið óháðum matsmönnum sem búa yfir umræddri sérfræði. Niðurstöður þeirra gætu verið á þann veg að (i) verkefnisskil séu fullnægjandi eða (ii) endurbóta sé þörf.

(vii) Fjárhagslegt uppgjör og endurskoðun á reikningum

Hluti af verkskilum er yfirlit um útgjöld verkefnisins. Þessi reikningsskil þarf að bera saman við útgjaldaáætlun í verksamningi.

4.2 Miðlun niðurstaðna

Miðlun rannsóknarniðurstaðna er a.m.k. jafn mikilvæg og rannsóknin sjálf. Án viðeigandi miðlunar niðurstaðna er lítið gagn af rannsóknarverkefnum jafnvel þótt þau séu ágætlega unnin. Miðlun niðurstaðna getur verið hluti að verkefnislýsingu og því á ábyrgð framkvæmdaraðila að annast hana eða hún getur verið á verksviði Ferðamálastofu. Líklegast raunar er að hvort tveggja eigi sér stað.

Miðlun niðurstaðna getur átt sér stað með ýmsum hætti, m.a.:

- (i) Vandlegri skýrslu um framkvæmd og niðurstöður verkefnis.
- (ii) Kynningarfundum með viðkomandi stjórnvöldum og hagsmunaaðilum í greininni.
- (iii) Ráðstefnum og/eða vinnustofum um verkefnið og niðurstöður þess.
- (iv) Útgáfu vísindagreina

Öllum niðurstöðum rannsóknarverkefna verður væntanlega komið fyrir í gagnagrunni Ferðamálastofu og margt aðgengilegt á mælaborði ferðapjónustunnar sem og í Vefsja Ferðamálastofu þegar fram vindur. Rannsóknarskýrslur verða gefnar út í ritröð Ferðamálastofu: *Ferðamálarannsóknir ISSN 2547-8060*.

4.3 Verkefnastjórnun

Ofangreind atriði sýna mikilvægi þess að vel sé staðið að stjórnun og eftirliti með rannsóknarverkefnum af hálfu Ferðamálastofu. Góð verkefnastjórnun er viðamikil starf og krefst undirstöðugóðrar þekkingar á rannsóknum almennt, auk sérfræði og reynslu í ferðamálum. Því

kemur vel til greina að Ferðamálastofa skýrgreini verkefnisstjórnun sem hlutastarf innan stofnunarinnar eða fullt starf ef umfang verkefna er nægilega mikið.

Tilvísanir

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2015). *Vegvísir að ferðaþjónustu*. Sótt 19. maí 2020 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/vegvisir-i-ferdathjonustu/>

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2019a). *Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030*. Sótt 14. maí 2020 af <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/FerdaThjonusta/Lei%C3%B0arlj%C3%B3s%20%C3%ADslenskrar%20fer%C3%B0a%C3%BEj%C3%B3nustu%202030%20Final%20Samr%C3%A1%C3%B0sg%C3%A1tt1.pdf>

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2019b). *Jafnvægisás ferðamála*. Sótt 19. maí 2020 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/islensk-ferdathjonusta-til-2030/jafnvaegisas-ferdamala/>

Coccosis, H., Mexa, A., & Collovini, A. (2002). Defining, measuring and evaluating carrying capacity in European tourism destinations, final report B4-3040/2000/294577/MAR/D2. Material for a Document. Aþena: University of the Aegean, Department of Environmental Studies, Laboratory of Environmental Planning.

Efla verkfræðistofa. (2018). *Álagsmat umhverfis, innviða og samfélags gagnvart fjölda ferðamanna á Íslandi*. 1. Áfangi: Þróun vísa fyrir álagsmat. Reykjavík: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Stjórnstöð ferðamála.

Ferðamálastofa. (2019). *Ferðavenjur erlendra ferðamanna*. Sótt 16.júní 2020 af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/kannanir-og-rannsoknir/ferdavenjur-erlendra-ferdamanna>

Jónas Hlynur Hallgrímsson, Nathan Reigner, Ólafur Árnason, Ragnhildur Gunnarsdóttir, Ray Salter, Rob. P.M. Kamsma, Sigurður Loftur Thorlacius, Tinna Húnbjörg Einarsdóttir, & Þorbjörg Sævarsdóttir. (2019). *Jafnvægisás ferðamála: Samantekt á niðurstöðum álagsmats. Drög til kynningar*. Reykjavík: Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Stjórnstöð ferðamála.

Lög um Ferðamálastofu nr. 96/2018.

- Margrét Wendt. (2019). Hvernig má bæta upplifun erlendra ferðamanna á Íslandi? Greining á niðurstöðum landamæraökunnar. *Ferðamálarannsóknir* FMS 2019-42. Sótt 19. maí 2020 af https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/skyrsla_utlit3-mw-sameinadpdf
- Oddný Þóra Óladóttir. (2019). Erlendir ferðamenn á Íslandi 2018. Lýðfræði, ferðahegðun og upplifun. *Skýrslur Ferðamálastofu* FMS 2019-13. Sótt 19. maí 2020 af <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/konnun2018/konnun-18-2.pdf>
- Reglugerð um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála nr. 20/2020.*
- Þingskjal 717. (2018). Skýrsla ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um þolmörk ferðamennsku. Sótt 16. júní 2020 af <https://www.althingi.is/altxt/pdf/148/s/0717.pdf>
- Þingskjal 758. (2011). Tillaga til þingsályktunar um Ferðamálaáætlun 2011-2020. Samantekt sótt 19. maí 2020 af vef Ferðamálastofu https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2015/mars/ferdamalaaetlun_2011_2020_uppsett.pdf
- Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir. (2019). *Framtíðarsýn ferðaþjónustunnar. Leiðandi í sjálfbærri þróun.* Kynning ráðherra og Eflu verkfræðistofu í september 2019. Sótt 19. Maí 2020 af https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/FerdaThjonusta/Kynning_R%C3%A1%C3%B0herra_Efla.pdf

Viðaukar

Viðauki 1 Reglugerð nr. 10/2020

Nr. 20

10. janúar 2020

REGLUGERÐ um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um öflun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga, þ.m.t. gögn, gagnagreiningu og rannsóknir, sem Ferðamálastofa annast á grunni rannsóknaráætlunar.

2. gr.

Hlutverk Ferðamálastofu.

Ferðamálastofa skal fylgjast með og stuðla að þróun ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærrar grunnstoðar í íslensku samfélagi með því að vinna að samræmingu, greiningum og gagnaöflun ásamt miðlun og úrvinnslu upplýsinga, þar á meðal tölfræðilegra gagna, á málefnasviði stofnunarinnar.

Ferðamálastofa skal meta þörf fyrir gagnaöflun, greiningar og rannsóknir, móta rannsóknaráætlun, sbr. 5. gr., og láta framkvæma rannsóknir samkvæmt rannsóknaráætlun í samræmi við lög og reglur þar að lútandi, m.a. hvað varðar opinber innkaup. Vinna stofnunarinnar að gagnaöflun og rannsóknum skal styðja við ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni samkvæmt stefnu stjórnvalda.

Ferðamálastofa skal miðla niðurstöðum á markvissan hátt.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. *Gagnagreining*: Nákvæm athugun, útvinnsla og túlkun á gögnum eða heimildum sem framkvæmd er til að skilja uppbyggingu, eðli og/eða samhengi.
- b. *Gagnaöflun*: Skipuleg, og eftir atvikum reglubundin, söfnun gagna sem framkvæmd er í tengslum við greiningu, rannsókn eða skráningu upplýsinga. Að jafnaði skal miða við að gagnaöflun myndi óbrotna tímalínu á grunni þess sem áður hefur verið framkvæmt. Frumgagna er aflað með meginlegum (t.d. talningum eða könnunum) eða eigindlegum (t.d. viðtölum eða þátttökuathugunum) rannsóknaraðferðum. Afleiddra gagna er aflað á grunni útgefina eða óútgefina heimilda.

- c. *Gögn*: Skráðar upplýsingar sem skiptast í frumgögn og afleidd gögn. Frumgögn eru skráðar upplýsingar frá fyrstu hendi. Afleidd gögn eru gögn sem þegar er búið að skrá og eru tiltæk.
- d. *Jafnvægisás ferðamála*: Stjórnþæki til að meta reglulega áhrif ferðapjónustu á umhverfi, innviði, samfélag og efnahag íslensks samfélags á grunni skilgreindra sjálfbærnisvísa.
- e. *Mælaborð ferðapjónustunnar*: Rafræn gagnaveita og upplýsingagátt Ferðamálastofu þar sem hægt er að nálgast gögn og helstu niðurstöður greininga og rannsókna tengdar ferðapjónustu sem birtar eru á aðgengilegan hátt.
- f. *Rannsókn*: Nákvæm og kerfisbundin athugun með vísindalegri aðferð sem hefur þann tilgang að skapa nýja eða frekari þekkingu á því sviði sem rannsakað er og framkvæmd er í þeim tilgangi að nýtast stjórnvöldum til töku stefnumótandi ákvarðana á sviði ferðamála.
- g. *Rannsóknaráætlun*: Áætlun til þriggja ára um þá gagnaöflun, greiningar og rannsóknir sem stjórnvöldum er nauðsynleg til að taka stefnumótandi ákvarðanir um uppbyggingu og þróun ferðapjónustu með sjálfbærni að leiðarljósi.

4. gr.

Miðlun upplýsinga og greining gagna.

Ferðamálastofa skal miðla upplýsingum um helstu gögn og niðurstöður gagnagreininga og rannsókna á vegum stofnunarinnar eins fljótt og auðið er eftir eðli verkefna. Niðurstöður skulu nýttar til að varpa ljósi á stöðu og þróun ferðapjónustunnar.

Nr. 20

10. janúar 2020

Ferðamálastofa skal gera meginndleg gögn og helstu niðurstöður meginndlegra rannsókna aðgengilegar í *Mælaborði ferðapjónustunnar*. Ferðamálastofa skal jafnframt stuðla að því að fyrirliggjandi upplýsingar frá öðrum hagaðilum sem snúa að ferðapjónustu og hafa þýðingu fyrir þróun hennar séu birtar í *Mælaborði ferðapjónustunnar*.

Ferðamálastofa skal setja fram áætlun um áframhaldandi þróun og framkvæmd *Mælaborðs ferðapjónustunnar*, m.a. með hliðsjón af gildandi rannsóknaráætlun.

Ferðamálastofa skal setja fram birtingaráætlun árlega. Hana skal uppfæra reglulega í tengslum við framgang verkefna.

5. gr.

Rannsóknaráætlun.

Ferðamálastofa skal móta og láta framkvæma rannsóknaráætlun á grunni *Jafnvægisáss ferðamála* og stefnumótunar stjórnvalda. Rannsóknaráætlun skal einnig taka mið af þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni til gagnaöflunar og rannsókna. Áætlunin skal unnin til þriggja ára í senn og endurskoðuð árlega eða oftar ef nauðsyn krefur. Við mótun rannsóknaráætlunar skal Ferðamálastofa:

- a. Stuðla að samhæfingu, yfirsýn og virku samráði við hagsmunaaðila um gagnaöflun og rannsóknir í ferðapjónustu.

- b. Greina og meta hvaða gagna skuli aflað og í hvaða rannsóknir þurfi að ráðast sem styðja við stefnumótun stjórnvalda í ferðapjónustu og áframhaldandi þróun og viðhald *Jafnvægisáss ferðamála*, meta umfang verks og áætla kostnað.
- c. Forgangsráða verkefnum með tilliti til þess fjármagns sem er til ráðstöfunar fyrir málaflokkinn og gæta jafnvægis milli hinna þriggja þátta sjálfbærni, þ.e. efnahagslegra þátta, umhverfislegra þátta og samfélagslegra þátta, þannig að við gagnaöflun og rannsóknir sem nýtast við ákvarðanatöku og stefnumótun stjórnvalda sé horft til allra þáttanna. Í rannsóknaráætlun skal tilgreina viðfangsefni, tilgang, umfang, hagnýtt gildi og tímasetningu sérhvers verkefnis.
- d. Birta hugtakalista á heimasíðu Ferðamálastofu með helstu hugtökum sem tengjast rannsóknum á ferðamálum.

6. gr.

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir.

Ferðamálastofa skal kalla saman ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir á rannsóknaráætlun Ferðamálastofu.

Í nefndinni skulu eiga sæti, auk eins fulltrúa stofnunarinnar, sem stýrir starfi nefndarinnar, tveir fulltrúar háskóla sem sinna kennslu og rannsóknum á sviði ferðamálafræði sem tilnefndir eru af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn fulltrúi sem tilnefndur er af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn fulltrúi sem tilnefndur er af þeim ráðherra sem fer með samgöngu- og sveitarstjórnarmál og einn fulltrúi sem tilnefndur er af Samtökum ferðapjónustunnar. Fulltrúi sem tilnefndur er af þeim ráðherra sem fer með ferðamál skal jafnframt eiga sæti í nefndinni.

Niðurstöður nefndarinnar skulu lagðar til grundvallar við mótun rannsóknaráætlunar. Nefndin skal setja sér starfsreglur. Nefndin getur, eftir því sem þörf er á, kallað eftir mati sérfróðra aðila um áherslur rannsóknaráætlunar. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist af Ferðamálastofu sem tryggir henni jafnframt viðunandi starfsaðstöðu.

7. gr.

Samráð og gildistaka rannsóknaráætlunar.

Drög að rannsóknaráætlun Ferðamálastofu skulu birt í samráðsgátt stjórnvalda. Að loknu samráði gerir stofnunin tillögu að rannsóknaráætlun til ráðherra.

Samþykkt rannsóknaráætlun skal birt á vefsíðu Ferðamálastofu.

Nr. 20

10. janúar 2020

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 12. gr. laga um Ferðamálastofu, nr. 96/2018, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. janúar 2020.

Pórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og
nýsköpunarráðherra.

Sigrún Brynja Einarsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2020

Viðauki 2 Ráðgjöf um rannsóknarverkefni 2020-2022

Ferðamálastjóri

Skarphéðinn Berg Steinarsson

Geirsgata 9

101 Reykjavík

Efni: Ráðgjöf vegna rannsóknaráætlunar 2020-22

22.05.2020

Virðulegi ferðamálastjóri

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir hefur lokið umfjöllun sinni um verkefni á rannsóknaráætlun árána 2020-22. Ráðgjöf nefndarinnar hvað þetta snertir er sett fram í meðfylgjandi skjölum:

1. Ráðgjöf um rannsóknarverkefni 2020-22
2. Fundargerðir nefndarinnar

Nefndin sem heild stendur að þessari ráðgjöf, en einn nefndarmaður, Hildur Kristjánsdóttir, óskaði eftir að fram kæmi eftirfarandi: "Fulltrúi ANR óskar þess að fram komi að hann telur ótímabært að nefndin leggi til ný verkefni að svo komnu máli og telur að skoða eigi þau vel á haustdögum."

Nefndin var ekki skipuð fyrr en í apríl á yfirstandandi ári. Af þessum sökum er ráðgjöf hennar vegna rannsóknaráætlunar 2020-22 seint fram komin. Að því er

stefnt að nefndin skili ráðgjöf sinni vegna rannsóknaráætlunar 2021-23 ekki síðar en í október á þessu ári.

Fyrir hönd Ráðgefandi nefndar um gagnaöflun og rannsóknir.



Ragnar Arnason

Ráðgjöf um rannsóknarverkefni 2020-22

Eftirfarandi ráðgjöf skiptist í þrjú hluta: I. verkefni í vinnslu, II. ný verkefni og III. önnur atriði sem nefndin vill koma á framfæri.

I. Verkefni í vinnslu

Níu talsvert viðamikil verkefni eru nú þegar í vinnslu og telur nefndin rétt að þau haldi í megindráttum áfram á tímabilinu með þeim lagfæringum og endurbótum sem Ferðamálastofa telur viðeigandi.

Verkefni 1 Fjöldi ferðamanna

Til að fá tölu ferðamanna milli landa fara fram talsvert viðamiklar talningar á brottförum frá flugvöllum. Jafnframt er fylgst með tölu farþega sem koma til landsins með skipum. Hér er um að ræða bæði innlenda og erlenda ferðamenn. Erlendum ferðamönnum er skipt eftir þjóðerni.

g) **Talningar á brottförum frá Keflavíkurflugvelli**

Frá árinu 2002 hefur Ferðamálastofa safnað tölulegum upplýsingum um fjölda erlendra og innlendra brottfararfarþega á Keflavíkurflugvelli eftir þjóðerni og birt reglulega sem eina af lykildreytu í tölfræði atvinnugreinarinnar og hefur hún öðlast gildi sem slík.

Fyrirkomulag þessara talninga breyttist í október 2019 með úrtaksaðferð í stað talningar á þýði. Tekið er 14-16% úrtak af heildarfjölda en ISAVIA gefur upp heildarfjölda brottfararfarþega. Hins vegar er þörf á að greina betur hlutfall sjálfteygifarþega í þessu mengi.

h) **Brottfarir frá Akureyrarflugvelli:**

Ferðamálastofa fær gögn frá ISAVIA

i) **Brottfarir frá Egilsstaðaflugvelli:**

Ferðamálastofa fær gögn frá ISAVIA

j) **Fjöldi ferðamanna með Norrænu/Seyðisfirði:**

Ferðamálastofa fær gögn frá Safe Sea Net í umsjón Samsýn ehf

k) **Fjöldi ferðamanna með skemmtiferðaskipum**

Ferðamálastofa fær gögn sjálfkrafa úr eftirlitskerfi Safe Sea Net í umsjón Samsýn ehf

Tímarammi: Varanlegt

Afurðir: Tölugögn um fjölda ferðamanna eftir helstu víddum (staður, þjóðerni o.s.frv.) til varðveislu í gagnagrunni Ferðamálastofu.

Hagnýtt gildi: Grunn gögn til að meta umfang og eftirspurn eftir þjónustu við ferðamenn. Hagsmunaðilar og stórnotendur hagtalna um ferðaþjónustu telja brottfarir erlendra ferðamanna frá Keflavíkurlflugvelli vera áreiðanlegasti mælikvarða sem völ er á um vöxt ferðaþjónustunnar. Kostir mælikvarðans umfram aðra mælikvarða (t.d. gistinátta) er að niðurstöður eru birtar fljótt og hann hefur reynst nákvæmari en aðrir mælikvarðar. Af þeim sökum er hann t.d. notaður í skammtímaspálíkani Seðlabankans um þjónustuútflytning – nánar tiltekið fyrir útflutt ferðalög. Tölurnar eru notaðar á hagfræði- og peningastefnusviði bankans og við gerð ársfjórðungslegrar þjóðhagsspá sem liggur til grundavallar vaxtaákvörðunar Peningastefnunefndar. Hjá Hagstofu Íslands eru brottfarartalningar lykilmælingar í hagtölum, greiningum og spám sem tilheyra eða tengjast íslenskri ferðaþjónustu. Þær eru notaðar á efnahagssviði við vinnslu hagtalna um utanríkisverslun/gjaldeyrstekjur (heildarútflytningur, þjónustuútflytningur) og við gerð ferðaþjónustureikninga (sundurliðun á tekjum af ferðamönnum eftir atvinnugreinum) sem og við gerð þjóðhagsreikninga og þjóðhagsspár. Þær eru því grundvallarbreyta í greiningum sem skapa mynd af efnahagsstarfsemi í þjóðarbúskapnum. Á fyrirtækjasviði Hagstofu Íslands er fjöldi brottfararfarþega nýttur sem grunnur fyrir mat á skilgreindum skammtímahagvísnum fyrir atvinnugreinina. Tölurnar eru jafnframt notaðar við kennslu og rannsóknir í ferðamálafræði og öðrum greinum. Þær eru grundvallarbreyta í allri skoðun á þróun og greiningu á íslenskri ferðaþjónustu í íslensku og alþjóðlegu samhengi. Brottfarartalningarnar eru einnig notaðar við vigtun gagna sem safnast í ýmsum rannsóknum. Hér má nefna landamærarannsókn Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands (sjá neðar). Gögn sem safnast þar í tengslum við útgjöld ferðamanna/eyðslu nýtast við gerð ferðaþjónustureikninga (TSA) og greiningu á útflytningstekjum.

Miðlun: Tölur eru birtar hjá Ferðamálastofu í Mælaborði ferðaþjónustunnar og í mánaðarlegri útgáfu um fjölda ferðamanna. Gögnin er unnt að afrita af Mælaborði ferðaþjónustunnar til frekari vinnslu og greiningar.

Kostnaður⁵: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður kr. 9 m.

Verkefni 2 Landamæraönnun: lýðfræði, ferðahegðun, upplifun og útgjöld ferðamanna
Ferðamálastofa hefur staðið fyrir könnun meðal erlendra ferðamanna frá því í júní árið 2017 í samstarfi við Hagstofu Íslands. Gögnunum er safnað allt árið um kring og er markmiðið að afla tölfraeðilegra upplýsinga til að gefa skýra mynd af atferli, upplifun og viðhorfum ferðamanna.

Könnunin er tvískipt. Annars vegar er um að ræða flugvallakönnun sem er framkvæmd á Keflavíkurlflugvelli en þar er m.a. spurt um bakgrunn svarenda, tilgang ferðar, dvalarlengd, gistimáta, útgjöld og ánægju með Íslandsferðina. Hins vegar er netkönnun sem nær til svarenda sem hafa gefið samþykki fyrir frekari þátttöku en þar er spurt nánar út í Íslandsferðina; aðdragandann að ferð, ferðahegðun og viðhorf til ýmissa þátta ferðaþjónustunnar.

Tímarammi verkefnis: Varanlegt

⁵ Kostnaður umfram vinnu Ferðamálastofu.

Afurðir: Gögn um atferli ferðamanna, upplifun, viðhorfum og útgjöld þeirra til varðveislu í gagnagrunni Ferðamálastofu.

Hagnýtt gildi: Mikilvæg gögn til að átta sig á spurn eftir ferðþjónustu á Íslandi, ánægju ferðamanna með reynslu sína og þar með eftirspurnarhorfum í framtíðinni og eyðslu þeirra hér á landi. Fyrirtækjasvið Hagstofu Íslands notar niðurstöður landamærakönnunar í útreikningum sínum á fjölda erlendra gistinguáttanna í heimagistingu sem er dreift gegnum miðlunargáttir s.s. Airbnb, auk ógreiddra gistinguáttanna erlendra ferðamanna, s.s. í bílum utan tjaldsvæða, hjá vinum/ættingjum, við húsaskipti o.þ.h.. Landamærarannsókn er ein af þremur grunnstöðum fyrir þessar birtu tölur, og sú mikilvægasta, en hinar eru upplýsingar úr vefskröpun á framboðs- og nýtingartölum sem birtar eru á mælaborði Ferðamálastofu uppúr vefskröpunarskýrslum AirDNA (fyrir landshlutaskiptingu Airbnb-talna), og upplýsingar um virðisaukaskattskylda veltu miðlunarþóknunar þeirra sem selja gegnum Airbnb (fyrir gæðastjórnun á niðurstöðum). Gögnin nýtast einnig Hagstofu Íslands við þjóðhagsreikningagerð.

Gögnin munu einnig nýtast við stöðumat á markmiðum stjórnvalda (Leiðarljós ferðþjónustunnar) og vöktun á eftirfarandi mælikvörðum Jafnvægisáss ferðþjónustunnar sem meta félagsleg og umhverfisleg áhrif ferðþjónustunnar: Fjöldi ferðamanna sem mæla með Íslandi sem áfangastað (D.3.1); Líkindi á endurkomu (Félagsleg áhrif á ferðamenn D.3.2); Mat á hvort ferðin hafi verið peninganna virði (Félagsleg áhrif ferðamanna D.3.3); Mat á áhrifum af fjölda annarra ferðamanna á ferðamannastöðum (D.3.4); Hvernig væntingar samræmast upplifun ferðamanna (D.3.5); Viðhorf erlendra ferðamanna gagnvart náttúruvernd á Íslandi (B.6.4); Viðhorf erlendra ferðamanna til gæðaupplifunar í náttúrutengdri afþreyingu (B.6.5).

Miðlun: Helstu niðurstöður eru birtar og uppfærðar mánaðarlega í *Mælaborði ferðþjónustunnar*. Útgáfan *Ferðþjónusta í tölum* (ISSN 2672-6394) birtir einnig uppfærðar niðurstöður um tilgang Íslandsferðar og dvalarengd, NP (Net Promoter) skor, og heimsótt landsvæði og upplifun erlendra ferðamanna. (2-3 bls. mánaðarleg (prentvæn) samantekt). Þá er stefnt að greiningu og birtingu á útgjöldum ferðamanna ársfjórðungslega og að birta heildarniðurstöður úr þessari landamærakönnun fyrir hvert almanaksár í apríl/máí árið eftir. Auk þessa er gert ráð fyrir árlegri útgáfu á sértækum samantektum úr þessum gagnagrunni bæði meginlegum og eiginlegum sbr. greiningu Ferðamálastofu haustið 2019: „Hvernig má bæta upplifun erlendra ferðamanna á Íslandi? Greining á niðurstöðum landamærakönnunar“ þar sem niðurstöður voru túlkaðar á grunni markmiða stjórnvalda um að upplifun gesta sé beri eða í samræmi við væntingar; að náttúra, menning og afþreying stuðli að einstakri upplifun gesta og að fagmennska, gæði og öryggi einkenni íslenska ferðþjónustu.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður kr. 40 m.

Viðbætur – ný undirverkefni

4. Bætt öflun upplýsinga um eyðslu ferðamanna á Íslandi (m.a. bættri úrtakskönnun og með greiningu kreditkortaupplýsinga) til nota við uppbyggingu þjóðhagsreikninga (TSA) fyrir ferðþjónustu (sjá einnig verkefni 3).
5. Gæðamat á framkvæmd og áreiðanleika þessarar landamæraathugunar.

6. Árleg greining á stöðu íslenskrar ferðaþjónustu á grunni opinberrar stefnu og markmiða fyrir atvinnugreinina.

Verkefni 3 Könnun á viðhorfum Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu

Meginmarkmið verkefnisins er að meta viðhorf Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamanna bæði á landsvísu en einnig eftir einstaka landshlutum. Verkefnið var upphaflega unnið á vegum Ferðamálastofu 2014 og hefur verið þáttur í reglubundinni gagnasöfnun hins opinbera síðan 2017. Könnunin er liður í mótun tímalínu gagna um viðhorf landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu. Jafnframt byggir hún á grunni þeirra opinberu markmiða að ferðaþjónusta hafi jákvæð áhrif á nærsamfélag heimamanna og auki lífsgæði. Verkefnið fór fram á landsvísu 2014, 2017 og 2019 og þess á milli á nokkrum þéttbýlisstöðum. Verkefnið safnar gögnum fyrir mælikvarða Jafnvægisáss ferðaþjónustunnar sem gerir ráð fyrir að verkefnið sé framkvæmt á landsvísu ár hvert.

Tímarammi verkefnis: Varanlegt

Afurðir: Gögn um viðhorf heimanna til ferðafólks og ferðaþjónustu til varðveislu í gagnagrunni Ferðamálastofu. Samantektarskýrslur fyrir landið og fyrir hvern landshluta. Samanburður gerður á viðhorfum heimamanna milli ára og milli landshluta.

Hagnýtt gildi: Mikilvæg gögn til að greina félagsleg áhrif íslenskrar ferðaþjónustu á samfélag heimamanna. Gögnin nýtast við vöktun á eftirfarandi mælikvörðum Jafnvægisáss ferðaþjónustunnar sem meta félagsleg áhrif ferðaþjónustunnar á samfélag heimamanna annars vegar og umhverfisleg áhrif hins vegar: Ánægja með fjölda ferðamanna (D.4.1); Ónæði af völdum ferðamanna í daglegu lífi (D.4.2); Hlutfall heimamanna sem forðast að heimsækja ákveðna fjölsóttu staði (D.4.2); Afstaða til efnahagslegs ávinnings samfélagsins af ferðaþjónustu (D.4.3); Afstaða til breytinga á íslensku samfélagi vegna ferðaþjónustunnar (D.4.4); viðhorf Íslendinga til ástands gönguleiða í sinni heimabyggð (B.6.6.1); viðhorf Íslendinga til áhrifa ferðamanna á náttúru (B.6.6.2); viðhorf Íslendinga til aukins aðgengi að náttúru vegna áhrifa ferðamanna (B.6.6.3). Jafnframt koma gögnin til með að nýtast við fyrirhugað stöðumat Ferðamálastofu á íslenski ferðaþjónustu á grunni hinnar opinberu stefnu (Leiðarljós ferðaþjónustunnar)

Miðlun: Helstu niðurstöður eru birtar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar* á vef Ferðamálastofu. Helstu niðurstöður kynntar af rannsóknaraðila í opinni kynningu sem streymt er beint á samfélagsmiðlum. Skýrslur eru kynntar og gerðar aðgengilegar á vef Ferðamálastofu.

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður kr. 14 m.

Viðbætur – ný undirverkefni

4. Könnunin færð á rannsóknastig til að auka hagnýtt gildi verkefnisins. Verkefnið verður tengt við vísindalega umræðu og opinber markmið stjórnvalda þar sem metið verður hvort: (1) ferðaþjónustan hafi jákvæð áhrif á nærsamfélag og auki lífsgæði heimamanna og (2) allir landshlutar njóti ávinnings af ferðaþjónustu.
5. Gæðamat á framkvæmd og áreiðanleika verkefnisins. Athuga þörf fyrir stækkun úrtaks til að auka áreiðanleika.

6. Stöðumat: Niðurstöður úr verkefninu verða nýttar í árlegt heildarstöðumat á íslenski ferðaþjónustu í ljósi opinberra markmiða fyrir atvinnugreinina til ársins 2030.

Verkefni 4 Könnun á ferðahegðun og útivist Íslendinga

Frá og með árinu 2010 hefur Ferðamálastofa látið framkvæma gagnasöfnun í upphafi hvers árs meðal Íslendinga um ferðahegðun þeirra innanlands og utan á nýliðnu ári. Spurt er t.d. um hvort og hvert er ferðast, hversu oft og í hvaða tilgangi. Frá 2018 hefur einnig verið spurt um útivist landsmanna, tegund og tíðni. Nýjasta viðbótin er söfnun upplýsinga um áætluð útgjöld í viðbótarkönnun sem framkvæmd var í apríl s.l. vegna COVID-19.

Tímarammi verkefnis: Varanlegt

Afurðir: Gögn um ferðahegðun Íslendinga til varðveislu í gagnagrunni Ferðamálastofu. Niðurstöður hafa verið birtar á skýrsluformi, í talnasamantektum og á gagnvirkum vef-Tableau.

Hagnýtt gildi: Mikilvæg gögn til að átta sig á spurn heimamanna eftir ferðaþjónustu hérlendis og erlendis, landnotkun, viðhorf heimamanna til landsins sem ferðamannalands og þar með eftirspurnarhorfum í framtíðinni og eyðslu þeirra hér á landi. Áætluð útgjöld, ef safnað áfram, gætu nýst við TSA reikningagerð Hagstofu Íslands á meðan Hagstofan sinnir ekki slíkri gagnasöfnun.

Miðlun: Niðurstöður hafa verið birtar á skýrsluformi, í talnasamantektum og á gagnvirkum vef-Tableau.

Kostnaður: Greiðsla til verktaka hefur numið 1,5-2 milljónum kr.á ári (m.vsk).

Viðbætur – ný undirverkefni

2. Gæðamat á framkvæmd og áreiðanleika verkefnisins. Meta þörf fyrir útgjaldaspurningar.
3. Greina þróun í ferðahegðun Íslendinga síðastliðin 10 ár.
4. Gera helstu niðurstöður aðgengilegar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar* og uppfæra ár hvert.

Verkefni 5 Könnun á ferðahegðun erlendra gesta á völdum þéttbýlisstöðum

Meginmarkmið verkefnisins er söfnun gagna um ferðamennsku erlendra ferðamanna í völdum þjónustukjörnum. Spurt er um búsetuland, dvalarlengd, gistimáta, ferðafélaga og útgjöld pr. dag. Könnunin hefur verið framkvæmd á 14 stöðum og myndar tímalínu á tveimur stöðum (Húsavík og Mývatnssveit) þar sem hún hefur verið framkvæmd árlega síðan 2013. Á árinu 2019 var könnunin endurtekin á fjórum stöðum (Borgarnesi, Akureyri, Mývatnssveit og Höfn).

Tímarammi verkefnis: Varanlegt

Afurðir: Yfirfarin gögn og tölulegar niðurstöður til vörslu og birtingar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar*. Stuttar samantektir (ekki hefðbundnar skýrslur) með niðurstöður könnunar á hverju svæði fyrir sig.

Hagnýtt gildi: Verkefnið tengist opinberum markmiðum stjórnvalda um að safna tímalegum, áreiðanlegum og samanburðarhæfum gögnum til grundvallar ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni. Niðurstöður nýtast fyrst og fremst viðkomandi bæjarfélögum.

Miðlun: Yfirfarin gögn og tölulegar niðurstöður til vörslu og birtingar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar*. Niðurstöður kynntar opinberlega og samantektir gerðar aðgengilegar á vef Ferðamálastofu.

Kostnaður: 12 m.

Viðbætur – ný undirverkefni

2. Verkefnið í núverandi mynd er fyrst og fremst gagnasöfnun en er ætlað að greina „ferðavenjur“ á viðkomandi stöðum. Endurskoða þarf verkefnið ef það á að standa undir nafni og tengja við fræðilega nálgun og umræðu.
3. Endurskipuleggja verkefnið þannig að það safni nauðsynlegum upplýsingum (einkenni, aðdráttarafli, ferðamennsku, ferðahegðun og upplifun ferðamanna) á ferðamannastöðum sem liggja undir skemmdum vegna ágangs ferðamanna og þurfa á uppbyggingu og/eða álagsstýringu tafarlaust. Verkefnið í þessari mynd myndi stuðla að verndun á megin auðlind og aðdráttarafli íslenskrar ferðamennsku og þjóna eftirfarandi markmiðum stjórnvalda: (1) að upplifun gesta sé betri eða í samræmi við væntingar; (2) að náttúra, menning og afþreying stuðli að einstakri upplifun gesta; (3) að fagmennska, gæði og öryggi einkenni íslenska ferðaþjónustu; (4) að jafnvægi sé á milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbygging innviða taki mið af því; og (5) að virðing sé borin fyrir þolmörkum og álagsstýring sé á áfangastöðum ferðamanna. Verkefni af þessu tagi eru vel þekkt víða um heim og væri auk þess nauðsynleg viðbót við álagsmat Umhverfisstofnunar sem eingöngu vaktar umhverfi, stjórnun og skipulag.

Verkefni 6 Dreifing ferðamanna – umferðartalningar

Verkefninu er ætlað að gefa áreiðanlega mynd af fjölda ferðamanna á völdum áfangastöðum á Íslandi. Í verkefninu eru notaðir bílateljarar og þær talningar notaðar til að meta fjölda ferðamanna á viðkomandi talningasvæðum. Þáttur í verkefninu er að nýta niðurstöðurnar til að meta umferð og greina ferðamynstur ferðamanna um og í kringum valda ferðamannastaði.

Tímarammi verkefnis: Varanlegt

Afurðir: Yfirfarin gögn og tölulegar niðurstöður til vörslu og birtingar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar*. Skýrsla þar sem niðurstöðum er gerð skil eftir landshlutum.

Hagnýtt gildi: Verkefnið nýtist fyrst og fremst við vöktun á umferð og álagi á viðkomandi talningastöðum (alls 34 staðir).

Miðlun: Yfirfarin hrágögn til varðveislu og frekari greiningar hjá Ferðamálastofu. Niðurstöður mats birtar í *Mælaborði ferðaþjónustunnar*. Samantektarskýrsla kynnt opinberlega og gerð aðgengileg á vef Ferðamálastofu.

Kostnaður: 7,5 m

Viðbætur – ný undirverkefni

4. Verkefnið var ekki byggt markvisst upp frá grunni. Endurskoða þarf verkefnið svo að það tengist og þjóni markmiðum stjórnvalda s.s. (1) að áhersla á stjórnun og uppbyggingu áfangastaða og að ferðamenn ferðist um land allt, árið um kring; (2) að fagmennska, gæði og öryggi einkenni íslenska ferðaþjónustu; og (3) að virðing sé borin fyrir þolmörkum og álagsstýring sé á áfangastöðum ferðamanna. Þekking á umferð og dreifing ferðamanna um landið og í landshlutunum er nauðsynlegur þáttur í öllum tilfellum. Í núverandi mynd byggir verkefnið eingöngu á 34 bílateljurum, þar af eru 2 teljarar á norðurlandi vestra (Illugastaðir og Hvítserkur) og enginn á Austurlandi. Nýta þarf önnur talningagögn samhlíða (Umhverfisstofnun; Vatnajökulsþjóðgarður; Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Vegagerðin, auk gistináttatalninga Hagstofunnar) og skoða tölur í samhengi.
5. Ferðamálastofa hefur í samvinnu við Umhverfisstofnun, Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarð, Stjórnstöð ferðamála og Vegagerðina skoðað þann möguleika að færa reglubundnar talningar á ferðamönnum á áfangastöðum til Vegagerðarinnar. Ekki hefur fengist niðurstaða í málið. Ákvörðunin strandar á aukinni fjárveitingu til Vegagerðarinnar.

Verkefni 7 Starfsánægja í ferðaþjónustu

Meginmarkmið verkefnisins er að kanna með reglubundnum hætti (1x á ári) vinnuumhverfi í ferðaþjónustu og mæla hlutfall ánægðra starfsmanna í ferðaþjónustu. Verkefnið hófst árið 2018 og hefur verið unnið í samvinnu við Vinnueftirlit ríkisins. Starfsánægja er mikið rannsakað fyrirbæri í sálfræði og byggir verkefnið á viðurkenndri aðferð innan þess fræðasviðs sem býður uppá greiningar á starfsánægju og hvað hefur áhrif á hana. Greind er ánægja starfsfólks með laun, möguleika á framvindu í starfi, fríðindi, vinnuumhverfið, samstarfsmenn, eðli starfs og samkipti á vinnustað. Auk þess eru líkandi þess að menn skipti um starfsvettvang könnuð.

Tímarammi verkefnis: Varanlegt

Afurðir: Yfirfarin hrágögn til varðveislu og frekari greiningar hjá Ferðamálastofu. Helstu niðurstöður birtar í Mælaborði ferðaþjónustunnar. Tölfræðiskýrsla með hreinum niðurstöðum (lýsandi tölfræði; óútgefið) og útgefin samantektarskýrsla (unnin af Vinnueftirliti ríkisins).

Hagnýtt gildi: Samkvæmt *Vegvísi í ferðaþjónustu 2015-2020* skal mæla viðhorf starfsmanna í ferðaþjónustu árlega til að meta og undirbyggja áhersluþáttinn „jákvæð viðhorf til atvinnugreinarinnar“ og birta niðurstöður í Mælaborði ferðaþjónustuna. Þá segir í fjármálaáætlun 2019-2023 að hlutfall ánægðra starfsmanna í ferðaþjónustu geti gefið til kynna viðhorf samfélagsins til ferðaþjónustu sem lykilorð í íslensku atvinnulífi og hana skuli mæla. Vinnueftirlitið hefur rannsóknaskyldur þegar kemur að vinnuumhverfi og aðbúnaði vinnandi fólks á Íslandi. Með framkvæmd verkefnisins er markmiðum Vinnueftirlitsins og Ferðamálastofu náð.

Miðlun: Helstu niðurstöður kynntar í opnum fyrirlestri og birtar (og uppfærðar ár hvert) í Mælaborði ferðaþjónustunnar. Útgefnar skýrslur eru aðgengilegar á heimasíðu Ferðamálastofu og hjá Vinnueftirliti ríkisins.

Kostnaður: 4,5 m (m/vsk).

Viðbætur – ný undirverkefni

1. Gæðamat á framkvæmd og áreiðanleika verkefnisins.
2. Tengja verkefnið við gildandi stefnuramma stjórnvalda (Leiðarljós í ferðaþjónustu) og vísindalega umræðu um rannsóknarefnið. Kanna þarf hvernig jákvætt viðhorf starfsmanna til ferðaþjónustu/atvinnugreinar er rannsakað í fræðunum og hvernig jákvæðu viðhorfi er viðhaldið og eflt. Hvort og hvernig má tengja viðhorfið við starfsánægju.

Verkefni 8 Greining á rekstrarafkomu fyrirtækja í ferðaþjónustu

Fyrir ákvörðunartöku og stefnumörkun í ferðaþjónustu er afar þýðingarmikið að hafa haldgóðar og tímanlegar upplýsingar um afkomu í greininni. Annars vegar er um það að ræða að koma upp kerfi til að afla gagna um afkomuna.⁶ Hins vegar þarf að vinna úr þeim gögnum og setja fram með skipulegum hætti. Þetta verkefni þarf að vinna í samvinnu við Hagstofuna sem hefur lengi framkvæmt svona mat fyrir aðra helstu atvinnuvegi þjóðarinnar (þ.á m. sjávarútveg og landbúnað).

Frá og með árinu 2018 hefur Ferðamálastofa staðið fyrir árlegri greiningu á rekstri og efnahag íslenskrar ferðaþjónustu. Greiningarnar byggjast fyrst og fremst á birtum upplýsingum Hagstofu Íslands og ársreikningum fyrirtækja í ferðaþjónustu frá Creditinfo.

Tímarammi verkefnis: Varanlegt

Hagnýtt gildi: Varpar ljósi á stöðu atvinnuvegarins í heild og einstakra greina innan hans.

Miðlun: Helstu niðurstöður kynntar í opnum fyrirlesturum og samantektarskýrslur eru öllum aðgengilegar á heimasíðu Ferðamálastofu. Fyrstu tvær viðbótargreiningarnar voru birtar í apríl 2020.

Kostnaður: Vegna viðbótaverkefna 2020 er áætlaður kostnaður við þetta verkefni kr. 12 m.

Viðbætur - ný undirverkefni:

Greiningar til að bregðast við áhrifum COVID-19 á íslenska ferðaþjónustu:

3. Greining á rekstrar- og fjárhagsáhrifum COVID-19 heimsfaraldursins á fyrirtæki í ferðaþjónustu og aðgerðum stjórnvalda undir heitinu „Viðspyrna fyrir Ísland“. Greiningin var byggð á tveimur dæmum sem sett eru upp til að líkja sem best eftir rekstri og rekstraráskorunum ferðaþjónustufyrirtækja við þessar aðstæður. Hér var byggt á

⁶ Í þessu sambandi má minna á tæmandi skrá um fyrirtæki í ferðaþjónustu (sjá verkefni 3 um gagnagrunn í ferðaþjónustu).

ársreikningum nokkurra fyrirtækja í ferðaþjónustu fyrir árið 2018, auk ýmissa opinberra gagna m.a. frá Seðlabanka Íslands um stöðu og skuldsetningu ferðaþjónustufyrirtækja. (Lokið)

- Greining á fjárhagstölum ferðaþjónustufyrirtækja til að gera stjórnvöldum á Íslandi kleift að greina betur hvernig fjárhagsleg úrræði sem þegar hafa komið fram vegna COVID-19 heimsfaraldursins eru líkleg til að hafa nýst félögum í ferðaþjónustu á Íslandi. Niðurstöður eiga líka að geta aðstoðað við að greina hvernig möguleg ný úrræði nýtast einstaka greinum og hve stórt hlutfall félaga ætti að geta nýtt úrræðin miðað við skilyrði sem sett eru fyrir nýtingu einstaka úrræða. (Lokið)

Verkefni 9 Gagnagrunnur ferðaþjónustunnar

Skynsamleg stefnumörkun í ferðaþjónustu hlýtur að byggjast á sem bestum gögnum um atvinnuvegin og tækifæri hans. Ferðamálastofa hefur lengi unnið að uppbyggingu og endurbótum á gagnagrunni fyrir ferðaþjónustu. Talsverðum hluta af vinnutíma starfsfólks á rannsókn- og tölfraeðisviði hefur verið varið í þetta verk. Árangurinn má m.a. sjá á mælaborði ferðaþjónustunnar og undirliggjandi gagnasafni. Rétt er að fram komi að hluti af þessu verkefni eru kaup á gagnagrunnum (AirDNA; Benchmarking Alliance; OTA insight og Credit Info) Áætlaður kostnaður við þessi kaup og áskrift er kr. 4.1 m á ári.

Þróun, efling og viðhald þessa gagnagrunns er auðvitað frambúðarverkefni sem ætla má að verði reglulegur þáttur í starfsemi Ferðamálastofu. Á yfirstandandi rannsóknartímabili er fyrirhugað að leggja áherslu á eftirfarandi endurbætur:

- (7) Fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Taka saman tæmandi skrá yfir öll fyrirtæki í ferðaþjónustu skipt eftir meginflokkum hennar, þ.e. (i) samgöngum, (ii) gistingu, (iii) veitingum, (iv) Sértekum ferðum og (v) rekstri ferðamannastaða.

- (8) Taka saman sem ýtarlegasta skrá yfir ferðamannastaði á landi.

Á þessum grundvelli er síðan ætlunin að taka saman:

- (9) Yfirlit um fjölda viðskiptamanna á fyrirtæki.
- (10) Afkomu eftir fyrirtækjaflokkum.
- (11) Yfirlit yfir stöðu umhverfisgæða á hverjum ferðamannastað.

Tímarammi verkefnis: Varanlegt

Afurðir: Skrá yfir fyrirtæki í ferðaþjónustu eftir sviðum. Skrá yfir ferðamannastaði.

Hagnýtt gildi: Grunnkögn um ferðaiðnaðinn og ferðamannastaði. Nauðsynleg fyrir skynsamlega stefnumörkun, áætlanagerð og stýringu.

Miðlun: Þessum gögnum verður komið fyrir í gagnagrunni Ferðamálastofu og eftir atvikum Mælaborði ferðaþjónustunnar

Kostnaður: Árlegur kostnaður við þetta verkefni er áætlaður kr. 1 m.

II Ný verkefni

Nefndin telur eftirfarandi fimm ný verkefni vera álitleg:

Verkefni 1 Þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustu: Tæki til högg- og aðgerðagreininga og hagspáa.

Gerð sæmilega ýtarlegra þjóðhagsreikninga fyrir ferðaþjónustuna, sem nú hillir undir, skapar forsendur fyrir því að þróa sértækt þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustuna. Ferðaþjónustan hefur hins vegar áhrif á efnahagslífið í heild (þ.e. þjóðhagsstærðir eins og VLF og atvinnustig) og aðrir hlutar efnahagslífsins (t.d. gengi og verðlag) hafa áhrif á framleiðslu í ferðaþjónustu. Með því að tengja hið sérstaka þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustuna við fyrirliggjandi þjóðhagslíkön (Seðlabankans/ Hagstofunnar) er unnt að taka fá samkvæma (e. consistent) mynd af þessu samspili. Með slíkt heildstætt líkan í höndunum er í fyrsta lagi unnt að rekja þjóðhagsleg áhrif breytinga í aðstæðum ferðaþjónustunnar (t.d. högga eins og COVID eða brottfalls flugfélaga eða ávinnings eins og opunar stórra flugleiða) á efnahagslífið í heild. Í öðru lagi er unnt að rekja áhrif opinberra aðgerða (t.d. uppbyggingar innviða, nýrra gjalda, auglýsingaherferðar o.s.frv.) á ferðaþjónustu og efnahagslífið í heild. Í framhaldi af þessu er í þriðja lagi unnt að velja þær opinberu aðgerðir sem líklegast eru til að ná þeim markmiðum um ferðaþjónustu sem að er stefnt. Í fjórða lagi er unnt að með hjálp spáa um umsvif í ferðaþjónustu (fjölda ferðamanna o.s.frv.) skapaður grundvöllur til að spá fyrir um framlag ferðaþjónustunnar til efnahagslífsins og hagvaxtar í framtíðinni.

Þetta verkefni snýst um að þróa hagnýtt þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustuna sem nær ofangreindum markmiðum. Fyrsta þrepið er að gera þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustuna. Annað þrepið er að tengja það við fyrirliggjandi þjóðhagslíkön með fræðilega samkvæmum (e. consistent) hætti. Þriðja þrepið er að staðfesta virkni og áreiðanleika þessa líkans. Fjórða þrepið er að fella þetta líkanakerfi inn í sæmilega þjálft forrit til hagnýtra nota.

Hér er um nokkuð margþætt og viðamikil verkefni að ræða. Það þarf m. a. á sérfræði í þjóðhagsreikningum, hagamlingum og hagrænni líkanagerð að halda. Jafnframt krefst það samvinnu við Hagstofuna (þjóðhagsreikningar fyrir ferðaþjónustu) og umsjónarmenn núverandi þjóðhagslíkana (Seðlabankann, Hagstofuna, Fjármálaráðuneytið).

Tímarammi verkefnis: 2020-2025.

Afurðir: (i) Fullbúið þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustu; (ii) Virk tenging þessa þjóðhagslíkans við þjóðhagslíkan fyrir hagkerfið í heild, (iii) Fullbúið forritakerfi sem leyfir greiningu á áhrifum breytinga í ferðaþjónustu á helstu þjóðhagsstærðir og öfugt. (iv) ýtarlegar skýrslur um verkefnið og framgang þess.

Hagnýtt gildi: Líkan af þessu tagi nauðsynleg forenda skynsamlegrar stefnumörkunar í ferðaþjónustu. Miðað við hina miklu hlutdeild ferðaþjónustunnar í þjóðarbúskapnum skiptir örlítið betri eða verri stefnumörkun mjög háum fjárhæðum.

Miðlun: Árlegar skýrslur um framgang verkefnisins. Þjóðhagslíkan verður opinbert, kynnt á fundum og rætt á ráðstefnum. Einfaldar keyrslur líkans aðgengilegar á heimasíðu Ferðamálastofu.

Kostnaður: 30 m. kr. á ári fyrstu árin.

Verkefni 2 Spár um umsvif í ferðaþjónustu

Augljóslega er afar þýðingarmikið bæði fyrir fyrirtækin í greininni og hið opinbera að átta sig á horfum í umfangi ferðaþjónustunnar. Hvað þetta snertir er þörf á framreikningum og/eða spám til (i) skamms tíma (næstu mánaða og ársfjórðunga) og (ii) lengri tíma (ára). Í upphafi er gert ráð fyrir spám fyrir greinina í heild, t.d. fjölda erlendra ferðamanna til landsins, meðaldvalartíma og eyðslu. Á þessum grundvelli verður væntanlega í framtíðinni unnt að spá fyrir um umsvif eftir helstu undirgreinum ferðaþjónustunnar (samgöngur, gisting, veitingar, sértækar ferðir og ferðamannastaðir).

Verkefni þessu má í heild skipta í þrjú þætti: Fyrsti þáttur verkefnisins er að byggja upp spákerfi. Til þess þarf hagræna og tölfræðilega sérfræði. Sú vinna er sennilega nokkuð viðamikil. Hún felur í sér gagnaöflun, þróun og mat spálíkana og gerð spáreikningskerfis. Hér er um ákveðið tímabundið verkefni að ræða sem talið er að unnt sé að ljúka á 2 árum, þ.e. fyrir árslok 2022. Það er þessi þáttur sem fyrst og fremst er um fjallað í þessari rannsóknaráætlun.

Annar þáttur verkefnisins að gera reglulegar spár á grundvelli spákerfisins og með vissu millibili uppfæra og endurbæta spákerfið. Þetta er varanlegt verkefni sem ekki er ólíklegt að unnt sé að vinna að talsverðu leyti af starfsfólki Ferðamálastofu. Þriðji þátturinn er að endurnýja hið tölfræðilega mat í ljósi nýrra gagna og aðstæðna og gera aðrar endurbætur á spákerfinu. Þetta þarf að gera reglulega t.d. á tveggja til þriggja ára fresti eða örar ef þörf reynist á. Þessi endurnýjun krefst svipaðrar sérfræði og fyrsti þátturinn en þarf að vinna í nánú samráði við Ferðamálastofu og aðra notendur spánna.

Tímarammi verkefnis: Þáttur (i) 2020-2022. Þættir (ii) og (iii) til frambúðar.

Hagnýtt gildi: Framreikningar eða spár af þessu tagi eru gagnleg tæki til að auðvelda fyrirtækjum og hinu opinbera stefnumörkun og áætlanagerð m.a. hvað snertir fjárfestingar.

Afurðir: Afurðir úr þætti 1 eru gerð spákerfis til bæði skamms (mánaðarlega) og langs tíma (árlega 1-5 ár) ásamt upphafsspám. Kerfi forrita til spágerðar. Skýrsla um spálíkön. Afurðir úr Þætti 2 spár.

Miðlun: Spá birtar á mælaborði ferðaþjónustunnar. Spálíkan og gögn gerð aðgengileg í gagnagrunnum Hagstofu og Ferðamálastofu og mælaborði ferðaþjónustunnar.

Kostnaður: Heildarkostnaður við þróun spákerfis 25 m. kr. Árlegur kostnaður við spágerð og uppfærslur, er áætlaður 2 m. kr. Kostnaður við endurnýjun spálíkínga er áætlaður 5 m. kr. á tveggja til þriggja ára fresti.

Verkefni 3 Áhrif ferðaþjónustu á umhverfisgæði

Margir ferðamannastaðir eru náttúruperlur. Ágangur ferðamanna á þessa staði getur rýrt náttúrugæði þeirra. Sum af þessum gæðum eru illa eða ekki afturkræf. Af þessum sökum er afar mikilvægt að fylgjast með þróun þeirra. Til þess þarf vel skýrgreinda og samræmda mælikvarða yfir tíma. Hluti verkefnisins er að skýrgreina slíka mælikvarða. Annar er að beita þeim á tiltekna ferðamannastaði. Til að framkvæma þetta verkefni þarf sérþekkingu á eftirspurn ferðamanna eftir náttúrugæðum og sérþekkingu á stöðu og þolgæði náttúrugæða.

Tímarammi verkefnis: 2020-2023.

Afurðir: Samræmdir mælikvarðar á stöðu og þróun náttúrugæða á ferðamannastöðum. Mat á þessari stöðu og þróun á liðnum árum á tilteknu mengi ferðamannastaða. Ýtarleg skýrsla um verkefnið og niðurstöður þess.

Hagnýtt gildi: Ferðamennska á Ísland snýst mikið um sérstæða náttúru og náttúruperlur. Þessar auðlindir geta rýrnað vegna ágangs. Því er afar mikilvægt að fylgjast með þróun þeirra yfir tíma m.a. til að grípa nægilega snemma í taumana.

Miðlun: Niðurstaða mats á stöðu og þróun tiltekinnna ferðamannastaða birt á mælaborði ferðaþjónustunnar. Grunn gögn gerð aðgengileg í gagnagrunnum Hagstofu og Ferðamálastofu og mælaborði ferðaþjónustunnar.

Kostnaður: Kostnaður við þróun matskerfisins 5 m. kr. Árlegur kostnaður við vöktun og uppfærslu mælikvarða 2 m. kr.

Viðbætur – ný undirverkefni:

- (v) Bæta við fleiri ferðamannastöðum
- (vi) Í framhaldi af því mat á afkastagetu ferðamannastaða og hagkvæmar aðgangstakmarkanir

Verkefni 4 Aðlögunarhæfni og „resilience“ (þrautseigja, seigla) í ferðaþjónustu – hvernig á að mæta áföllum? Hvernig unnt er að efla þrautseigju - bestu leiðir

Reynslan sýnir að ferðaþjónusta getur verið sveiflukennður atvinnuvegur. Það er ekki aðeins að grunneftirspurnin geti verið breytileg heldur geta náttúruhamfarir eins og eldgos, innlend efnahagsskilyrði eins og gengi krónunnar, kjarasamningar og verkföll valdið verulegum sveiflum í afkomunni. Það er því rík ástæða til að hugleiða hvernig ferðaþjónustan getur mætt þessum breytileika og staðið erfið tímabil af sér.

Verkefnið snýst um að bera kennsl á helstu áhættuþættina, greina hvernig áhrif þeirra geta hríslast um ferðaþjónustuna og leggja mat á þær búsifjar sem orðið bæði til skamms og langs tíma. Skýrgreina síðan leiðir til að draga úr tjóninu og útfæra nánar þær leiðir sem hagkvæmastar virðast.

Þetta verkefni krefst skilnings á gerð ferðaþjónustunnar, eðli eftirspurnar eftir ferðaþjónustu, markaðslægum og efnahagslegum samhengjum, áhættu, hagkvæmum áhættuviðbrögðum og sveiflujöfnun. Það krefst því samþættingar sérfræði á nokkrum mismunandi sviðum.

Tímarammi verkefnis: 2020-2023.

Afurðir: Ýtarleg skýrsla um verkefnið og niðurstöður þess.

Hagnýtt gildi: Ferðaþjónusta eins og aðrir atvinnuvegir getur orðið fyrir áföllum af ýmsu tagi. Mikilvægt er að átta sig á mögulegu eðli og stærð svona áfalla og að finna leiðir og setja upp skipulag til að ferðaþjónustan sem atvinnuvegur geti sem hægst ráðið við svona áföll.

Miðlun: Skýrsla gerð aðgengileg á heimasíðu og gagnagrunni Ferðamálastofu. Ráðstefna hagsmunaaðila um niðurstöður hennar.

Kostnaður: Kostnaður 21 m. kr.

Verkefni 5. Covid-áfallið og viðbrögð ferðaþjónustunnar

Hugsanlega lærdómsrík "case"-stúdía sem rekur atburðarás þessa mikla áfalls og viðbragða við henni. Þessi rannsókn getur m.a. varpað ljósi á aðlögunarhæfni og seiglu fyrirtækja í greininni, hvernig hliðstæð áföll í framtíðinni geta leikið hana og hvernig aðstoð til að ráða við áföllin getur haganlegast verið við komið.

Ath. Þetta verkefni er nátengt nýju verkefni nr. 4 og má skýrgreina sem hluta af því.

Tímarammi verkefnis: 2020-2021

Afurðir: Vandleg skýrsla sem gerir grein fyrir þessari atburðarás, helstu viðbrögðum greinarinnar við henni og áhrifum hinna opinberu aðgerða.

Hagnýtt gildi: Augljóslega mjög mikilvægt að skilja hvernig svona áföll hríslast um greinina og hvernig hún getur brugðist við þeim.

Miðlun: Skýrsla gerð aðgengileg hjá ferðamálastofu. Ráðstefna eða vinnustofa um niðurstöður hennar

Kostnaður: 4 m. kr.

III. Önnur atriði

Auk ofangreindra verkefna vill nefndin koma eftirfarandi á framfæri:

- (1) Ferðamálastofa athugi möguleika á því að bæta öryggismálum ferðamanna inn sem lið í öðrum verkefnum eða eftir atvikum skýrgreina nýtt verkefni um þau mál.
- (2) Ákveði ferðamálastofa að setja ofangreind verkefni inn í hina endanlegu rannsóknaráætlun er mikilvægt að hún útfæri þau eftir atvikum nánar m.a. með tilliti til samræmingar og sniðs (overlap) milli verkefna og opinberra stofnana.
- (3) Heppileg dreifing ferðamanna –þjónustu um landið er mikilvægt viðfangsefni. Þetta atriði er þáttur í ýmsum yfirstandandi rannsóknarverkefnum. Vel má hugsa sér að gera því hærra undir höfði t.d. með sérstöku verkefni.
- (4) Vel hugsuð rannsóknaráætlun er einungis skref að árangursríku gagnaöflunar- og rannsóknarstarfi. Ekki er síður mikilvægt að vanda til vals á framkvæmdaaðilum, gerðar rannsóknarsamninga og eftir eftirlits með gæðum verkefna og afurða þeirra.

Viðauki 3 Fundargerðir ráðgefandi nefndar 2020

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir

Fundur 1, 21.04.2020, kl. 11:00

Fjarfundur

Fundargerð

Viðstödd: Ragnar Árnason, Gunnar Þór Jóhannesson, Ingibjörg Sigurðardóttir, Vilborg H. Júlíusdóttir, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Hildur Kristjánsdóttir. Auk þeirra sat fundinn Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri.

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundarmenn kynntu sig.
3. Farið yfir hlutverk og viðfangsefni nefndarinnar samkvæmt reglugerð (nr. 20/2020). Ferðamálastjóri gerði grein fyrir hugmyndum Ferðamálastofu um starf nefndarinnar og mikilvægi vísindalega traustra rannsókna. Fram kom í máli hans m.a. að auknu fé hefði verið veitt til rannsókna og gagnaöflunar í ferðamálum og viljrði um frekari aukningu yfirstandandi og komandi árum.

Nefndarmenn settu fram óskir um yfirlit yfir fyrri og yfirstandandi rannsóknarverkefni á vegum ferðamálastofu.

Bent var á mikilvægi þess að nýta sem best reynslu og þekkingu erlendra þjóða og rannsóknarniðurstöður þeirra.

4. Rætt um þann undirbúning að gerð rannsóknaráætlunar sem átt hefur sér stað innan Ferðamálastofu.
5. Rætt um starfið framundan.
 - (i) Nefndin mun fara yfir drög að rannsóknaráætlun og leggja fram sínar hugmyndir
 - (ii) Stefnt að því að semja og afgreiða starfsreglur fyrir nefndina
 - (iii) Næsti fundur ákveðinn þann 5.5 kl. 13:00. Stefnt að öðrum fundi síðar í maí.

Fundi slitið kl. 12:00.

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir

Fundur 2, 05.05.2020, kl. 13:00

Fjarfundur

Fundargerð

Viðstödd: Ragnar Árnason, Gunnar Þór Jóhannesson, Ingibjörg Sigurðardóttir (fjrt), Vilborg H. Júlíusdóttir, Unnur Valborg Hilmarsdóttir (fjrt), Hildur Kristjánsdóttir (fjrt), Gunnar Geir Gunnarsson (fjrt). Auk þeirra sat fundinn Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri.

1. Fundargerð 1. fundar samþykkt.
2. Farið yfir drög a starfsreglum nefndarinnar. Þau samþykkt án breytinga.
3. Farið yfir drög að rannsóknaráætlun 2020-22. Umræðan fór nokkuð vítt og breitt og margir gagnlegir punktar nefndir. Þeirra á meðal voru:
 - (i) Rannsóknaráætlunina þarf að tengja betur inn í jafnvægisás ferðamála og aðra fyrirbyggjandi grunnvinnu í ferðamálum.
 - (ii) Fram þarf að koma í áætluninni hvaða þörfum henni sé ætlað að mæta, þ.e. styðja við stefnumótun stjórnvalda í ferðaþjónustu.
 - (iii) Fram kom að þungamiðja ferðaþjónustu væri ferðamaðurinn sjálfur. Rætt um hugtakið ferðamaður. Hvað er átt við nákvæmlega? Helstu hópar eru íslenskir ferðamenn innanlands og erlendis og erlendir ferðamenn á Íslandi. Hver ferðamaður er skiptir máli því eftirspurn þeirra er mismunandi.
 - (iv) Fram kom að ferðaþjónusta væri atvinnuvegur og markmiðið væri að hann legði sem mest af mörkum til velsældar landsmanna í efnahagslegu, umhverfislegu og félagslegu tilliti.
 - (v) Fram kom að ýmsir aðilar, þeirra á meðal Umhverfisstofnun, Íslandsstofa, Byggðastofnun og Hagstofan auk hinna ýmsu svæðisbundnu ferðamálasamtaka söfnuðu gögnum sem nýtst gætu Ferðamálastofu og ferðaþjónustunni. Í framhaldinu var rætt um nauðsyn yfirsýnar og samhæfingu þeirrar vinnu til að forðast endurtekningar og auka skilvirkni.
 - (vi) Rætt um mikilvægi þess að hafa góðar upplýsingar um þá sem starfa í ferðaþjónustunni og starfsánægju þeirra.
 - (vii) Bent á að regluleg vöktun á ýmsum lykilbreytum yfir tiltölulega langt tímabil geti verið afar mikilvæg.
 - (viii) Vakin athygli á mikilvægi vöruþróunar í ferðaþjónustu ekki síst m.t.t. framlags hennar til þjóðarbúsins.
 - (ix) Vakin athygli á mikilvægi gæða í ferðaþjónustu og orðstírs hennar m.a. með tillit til öryggis ferðamanna og heilbrigðis á Íslandi.
 - (x) Stungið upp á að rannsóknarverkefni í rannsóknaráætluninni yrðu staðsett í viðeigandi boxum í töflu á bls. 6 í drögum að rannsóknaráætlun.
 - (xi) Bent á eftirfarandi hugsanleg rannsóknarverkefni:

- (1) Dreifing ferðamanna um landið
 - (2) Viðhorf landsmanna til erlendra ferðamanna
 - (3) Gera sæmilega vandaða og sundurliðaða þjóðhagsreikninga fyrir ferðaþjónustuna í samvinnu við Hagstofuna.
 - (4) Upplifun og öryggismál ferðamanna
 - (5) Sæmilega áreiðanlegar, sundurliðaðar verðvísitölur fyrir ferðaþjónustu.
- (xii) Bent á að gegnlegt gæti verið að Ferðamálastofa hafi opna gátt þar sem rannsóknarfólk gæti gert tillögur að rannsóknarverkefnum og jafnvel eyrnamerkja fé til slíkra verkefna.
- (xiii) Rætt um tengsl rannsóknarverkefna við doktorsverkefni og jafnvel meistaraverkefni í háskólum.

4. Formanni falið að taka saman framkomnar athugasemdir við drög að rannsóknaráætlun.
5. Ákveðið að helga næsta fund hugmyndum um tiltekin rannsóknarverkefni og stefna að því að leggja fram ráðgjöf nefndarinnar í framhaldi af því.
6. Ákveðið að stefna að sérstökum fundi um jafnvægisás ferðaþjónustunnar með haustinu þar sem helstu hönnuðir kynntu hann og útskýrðu.
7. Næsti fundur ákveðin 14.5 nk. kl. 12:30-14:30.
8. Fundi slitið kl. 14:45.

Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir

Fundur 3, 14.05.2020, kl. 12.30

Fundargerð

Viðstödd: Ragnar Árnason, Gunnar Þór Jóhannesson, Ingibjörg Sigurðardóttir (fjrt), Vilborg H. Júlíusdóttir, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Hildur Kristjánsdóttir, Gunnar Geir Gunnarsson (fjrt). Auk þeirra sat fundinn Gunnþóra Ólafsdóttir forstöðumaður rannsóknna- og tölfræðisviðs Ferðamálastofu.

1. Fundargerð 2. fundar samþykkt.

Staðfest sú regla að hafa ekki frumkvæði að því að birta fundargerðir nefndarinnar. Hins vegar er skylt að afhenda þær sé um beðið.

2. Farið yfir fyrirbyggjandi hugmyndir að rannsóknarverkefnum í rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2020-22.

- Stuttlega farið yfir þau viðbótarverkefni sem stungið var upp á síðasta fundi.
- Stungið upp á mögulegum nýjum verkefnum:
 - (1) Vöktun á viðbrögðum ferðapjónustunnar við Covid-áfallinu – hugsanlega lærdómsrík "case"-stúdía sem m.a. segir eitthvað um aðlögunarhæfni og seiglu greinarinnar.
 - (2) Loftlagsbreytingar og ferðapjónustan. Umfangsmikið verkefni sem unnt er að taka á frá ýmsum sjónarhornum.
 - (3) Opnir fundir um niðurstöður/áfanga rannsóknarverkefna. Þetta er fremur miðlun/kynning/gæðaaðhald en rannsóknarverkefni.
 - (4) Getur ferðapjónustu verið vænlegur grunnatvinnuvegur í hálaunalandi og ef svo er, hvernig á hún að vera? Grundvallarspurning fyrir opinbera stefnumótun.
- Nokkur umræða um hugmyndina um fræðilegt tímarit ("Iceland Tourism Journal"). Greinilega fremur miðlun/kynning/gæðaaðhald og hvatning til rannsókna en rannsóknarverkefni. Fram komu sjónarmið um að svona tímarit væri fremur á verksviði háskóla en Ferðamálastofu, þótt tilvera þess myndi ugglaut yta undir rannsóknir og þar með styrkja atvinnuvegin.
- Talsverð umræða um yfirstandandi verkefni 4 "Þjóðhagsreikningar..". Fram kom að ANR hefði gert samning við Hagstofuna um þetta verkefni. HK tók að sér að útvega nefndinni afrit af þeim samningi. HK óskaði jafnframt að koma á framfæri þeim skilaboðum frá Skrifstofu ferðamála að Ferðamálastofa fari ekki inn á verksvið Hagstofu Íslands í opinberri hagskýrslugerð.

- Ákveðið að nefndin hefði á þessu stigi ekki forsendur til að leggja til verulegar breytingar eða að hætt sé við yfirstandandi verkefni. Slík skoðun komi hins vegar til álita fyrir gerð rannsóknaráætlunar 2021-23.
 - Farið yfir fyrirbyggjandi hugmyndir að nýjum verkefnum og kostir þeirra og gallar ræddir. Varðandi verkefni 5, Endurbætur á opinberri rekstarumgjörð... kom fram að OECD væri að vinna að skýrslu um málið sem sennilega myndi liggja fyrir í haust.
3. Önnur mál: HK rakti þróun opinbers stjórnkerfis ferðamála undanfarin ár. Hún mun dreifa viðkomandi yfirliti til nefndarmanna.
- Ítrekað að stefnt sé að sérstökum fundi Jafnvægisás ferðamála þar sem hann yrði rækilega kynntur og útskýrður áður en önnur törn nefndarinnar við undirbúning rannsóknaráætlunar 2021-23 hefist.
4. Fundi slitið kl. 14:45

Fundargerð

Viðstödd: Ragnar Árnason, Gunnar Þór Jóhannesson, Ingibjörg Sigurðardóttir (fjrt), Vilborg H. Júlíusdóttir, Unnur Valborg Hilmarsdóttir (fjrt), Hildur Kristjánsdóttir, Gunnar Geir Gunnarsson (fjrt). Auk þeirra sat fundinn Gunnþóra Ólafsdóttir forstöðumaður rannsókn- og tölfræðisviðs Ferðamálastofu.

1. Fundargerð 3. fundar samþykkt.
2. Farið yfir fyrirbyggjandi hugmyndir að rannsóknarverkefnum í rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2020-22 samkvæmt samandregnu yfirliti í vinnuþlaggi 19.05.2020.

Með vísan til þessa yfirlits er ráðgjöf nefndarinnar að

- Halda áfram þeim níu verkefnum á yfirlitinu sem nú þegar eru í vinnslu. Ekki er þó gert ráð fyrir sérstöku utanaðkomandi verkefni í tengslum við gagnagrunninn (verkefni # 9) á yfirstandandi ári.
 - Bæta fyrstu fjórum nýju verkefnum á yfirlitinu við rannsóknaráætluninni, en ekki því fimmta að sinni.
 - Bæta verkefni 6 í hugmyndum að öðrum verkefnum á yfirlitinu inn í rannsóknaráætlunina, enda brýnt að halda til haga þeim gögnum um viðbrögð greinarinnar við Covid sem nú eru að verða til.
 - Ferðamálastofa athugi möguleika á því að bæta öryggismálum ferðamanna inn sem lið í öðrum verkefnum eða eftir atvikum skýrgreina nýtt verkefni um þau mál.
3. Nefndin gerir ráð fyrir að ákveði ferðamálastofa að setja umrædd verkefni inn í rannsóknaráætlunina muni hún útfæra þau nánar m.a. með samræmingu og snið (overlap) milli verkefna og opinberra stofnana í huga.
 4. Þótt nefndin sjái á þessu stigi ekki ástæðu til að endurskoða yfirstandandi verkefni hyggst hún taka þau til gagnrýnnar skoðunar fyrir rannsóknaráætlun árána 2021-23.
 5. Formanni falið að taka þessa ráðgjöf saman og senda hana til nefndarmanna áður en hún sé formlega afhent ferðamálastofu.
 6. Í almennum umræðum um rannsóknarverkefnin kom m.a. eftirfarandi fram:
 - Mikilvægt er að halda tímalínu gagnaraða órofinni og því ekki skynsamlegt að fella niður gagnaöflunaverkefni nema að vel athuguðu máli.
 - Dreifing ferðamanna um landið er mikilvægt viðfangsefni. Þær athuganir á því atriði á fremur að efla en draga úr þeim. Fram kom að dreifing ferðamanna ræðst ekki aðeins af eftirspurn þeirra heldur og ekki síður af framboð á þjónustu.

- Fjárveiting til gagnaöflunar- rannsóknarverkefna á yfirstandandi ári liggur enn ekki fyrir en talið er að umtalsverð hækkun sé frá fyrra ári þegar hún var nálægt 100 m. kr.
- Grundvallarmunur er á gagnagrunni ferðaþjónustunnar og aðgangshliðum/miðlunartækjum hans eins og mælaborðinu. Mælaborð ferðaþjónustunnar má að ýmsu leyti bæta. Rætt um að koma ábendingum um slíkar endurbætur á framfæri til ferðamálastofu.

7. Fundi slitið kl. 15:45